



Þorsteinn Helgason

Verkfæri þjóðminninga

Tyrkjaránið í skólabókunum – Fyrri hluti

► Um höfund ► Efnisorð

Kennslubækur í skólum og önnur námsgögn eru hagnýtt tæki í höndum kennara og nemenda en þær, ekki síst sögukennslubækur, eru einnig vitnisburður um viðhorf í samfélagi hvers tíma vegna stöðu sinnar sem viðurkennd og jafnvel kanóniseruð þekking sem höfundar telja sér skylt að koma á framfæri og þjóðfélagsleg kvöð segir til um. Í þessari rannsókn er könnuð umfjöllun um ákveðinn atburð í sögu Íslands, Tyrkjaránið árið 1627. Teknar eru til athugunar allar kennslubækur sem til náðist frá 1880 til 2010 þar sem tímabil ránsins er á dagskrá. Í fyrsta hluta, sem hér liggur fyrir, er numið staðar um 1970. Í fyrstu kennslubókum fram yfir aldamótin 1900 var frásögnin í mótun og hafði ekki tekið á sig mót þjóðernisviðhorfa af fullum þunga. Það beið einkum Íslandssögu Jónasar Jónssonar frá Hriflu sem kom fyrst út 1916–1918 og reyndist lífseigust flestra kennslubóka. Texti Jónasar er greindur í lengra máli en annað efni þar sem hann hefur lengi verið viðmið í sögu-ritun á landinu. Frásögn hans er mjög læsileg en jafnframt hlaðin mælskulistarbrögðum þar sem hagræðing, hliðrun, hálfsgur og þögn eru veigamiklir þættir. Þegar litið er á heildina kemur upp mynd af þrískiptingu þátttakendanna: grimmlyndum ræningjum, kúguðum Íslendingum (þó með víska sjálfsbjargarviðleitni) og dáðlausum Dönum (með „hyski sínu“). Lesandanum/barninu gefst færi á að sam-sama sig „sínu“ fólki og greina sig frá grimmum óaldarlýð og duglausum Dönum. Þeim sem næst fjölluðu um Tyrkjaránið tókst ekki að heilla lesendur að sama skapi og Jónas enda var þjóðernismóðurinn runninn af þeim. Nánast alltaf var þessi atburður þó ómissandi í sögukennslubókunum og kallaði á myndræna framsetningu í *Sögunni okkar* árið 1960 með samtímaskírskotunum. Hún bendir fram til fjölbreyttara úrvals kennslubóka eftir 1960 sem fjallað verður um í næstu grein.

Tools of National Memory: The Turkish Raid in the Textbooks

Part 1 out of 2

► About the author ► Key words

Textbooks are the educational tools of teachers and students alike and have been so for centuries. They also bear testimony to the mentality of their time as a result of their status as transmitters of recognized knowledge and accepted values, not least the textbooks used in history and the social sciences. Authors have some freedom within the limits set by what is perceived to be recognized knowledge and accepted values depending on the cultural and political milieu at any given time.

Questions relating to nationalistic values as they appeared in textbooks have been studied intensively, whereas the object of the present study, a chosen event in national history, is rare. The event in question occurred in 1627 when corsairs (“pirates with a license”) raided the coastal regions of Iceland, capturing some 400 people and killing about 40, mostly Icelanders but also some Danes. The captives were sold in the slave market in the cities of Algiers and Salée, Morocco, and around ten per cent of them were ransomed. From a macro perspective, this event represented a spill-over of the longstanding conflicts between Islam and Christianity in the Mediterranean. This was also an age of piracy and corsairing activities in Europe and elsewhere. From a micro perspective, the “Turkish Raid” is deeply rooted in Icelandic collective memory, narrated in written accounts and entangled in folktales and place names.

To include the Turkish Raid in textbooks in (purely) Icelandic history is no easy task since it is an anomaly in the country’s history, not a milestone in a long line of events and developments. To omit it from history in a textbook aimed at children and adolescents is, nevertheless, hard to justify with reference to its firm rooting in national memory. Thus the author of the first history textbook for public schools, published in 1880, included a chapter about the Raid, connecting it chronologically with the death of a prominent bishop with which it had little or no connection, apart from its timing: “The same year as Bishop Guðbrandur died... Turkish Vikings from Algiers came...”. Thereafter a description of the course of events follows in a dispassionate style without any apparent conclusion. A few more short textbooks were published which included similar chapters.

In 1915, two textbooks in Icelandic history for primary and secondary school signalled what might be described as a nationalistic turn. The most influential, by Jónas Jónsson of Hrífla (his homestead), managed to firmly categorise the raiders as the “other” by describing how they lived under an “alien” (i. annar-legur) climate in a robbers’ nest: “The people were of the Mohammedan faith, utterly barbaric and belligerent,” Jónsson wrote. He managed to cast doubt on the Danish government with rhetoric tricks and half-truths, claiming that a Danish officer was “said to have” pointed out that Iceland was a target, describing the Danish governor as “a man of little courage,” and recounting that the Danish merchant in the Westman Islands had managed to escape “with his rabble” while the Icelanders were not as lucky.

Jónas Jónsson’s textbook was deliberately written to promote the full separation of Iceland from Denmark and became outdated in its hostility towards Denmark as time passed. However, Jónsson’s skilful writing and reference to nationalistic feelings led to his textbook holding sway for half a century. In 1968 another textbook appeared with less text and in which the nationalistic pathos had been toned down considerably. By the same token, it included a rather bloodless account of the Turkish Raid. Some years earlier, a picture book titled *Our History* was published aimed at the youngest pupils. There, the illustrations of the Raid borders on the exotic and the barbaric (Picture 4). These books are considered to be a rather weak attempt at challenging Jónsson’s magnum opus.

A textbook by Jón Jónsson Aðils was published in 1915 for secondary school students, which was reminiscent of Jónsson’s book for primary schools, although its account is less accusatory towards the Danes. In 1930 an alternative textbook for secondary schools was published which emphasized cultural and economic history (Picture /mynd 5). This was not *histoire événementielle* and the Turkish Raid is not assigned a special chapter as before. However, the original writings about the Raid are referred to and also touched upon when the most prominent poet of the 17th century, whose wife was a captive in the Raid, is discussed. This textbook, written by Arnór Sigurjónsson, received praise from Nordic colleagues, but was probably not widely used.

The 1970s saw a wave of modernization in Icelandic education which affected most school subjects. An integration of history with other subjects under the headline of Social Studies (i. *samfélagsfræði*) heralded new critical and global thinking. How the Turkish Raid fared in these reforms and others to come in a globalized world is the subject of a second article.

Kennslubókin sem vitnisburður

Til að ná markmiðum kennslu í formlegu námi eru útbúin sérstök námsgögn og hefur hin prentaða kennslubók verið meginintegund þeirra um langan aldur. Námsgögnin eru verkfæri kennara og nemenda til að ná tilsettum markmiðum um leikni og færni og þetta hlutverk þeirra hefur verið rannsakað, m.a. í hagnýtum tilgangi, svo að þau megi þjóna hlutverki sínu sem best.

En kennslubækur hafa fleiri hliðar sem vert er að veita athygli og rannsakaðir hafa verið. Þær eru einnig vitnisburður um þekkingu og viðhorf sem uppi eru á hverjum tíma vegna stöðu sinnar sem viðurkennd og jafnvel kanóníseruð þekking. Hugtökin *sameiginleg minning* (e. *collective memory*) og einkum sú sameiginlega minning sem þjóðir hafa (eða er ætlað að hafa), *þjóðminning* (e. *national memory*), eru gagnleg þegar greina skal frásagnir í sögukennslubókum. Námsgögn í sögukennslu gegna hlutverki félagsmótunar, innprenta gildi og viðhorf (Pingel, 2010) og hafa sérstakt verkefni við mótun þjóðerniskenndar, við að velja úr „minningum“ þjóðar það sem álitid er minnisvert og að sýna þær minningar í réttu ljósi (um minningafræði, sjá Þorsteinn Helgason, 2013, bls. 41–116). Námsgögnin, einkum sögukennslubækur, eru „verkfæri þjóðminninga“ (e. *tools of national memory*) eins og minningafræðingurinn Aleida Assmann (2008, bls. 64) kys að kalla þau. Þetta er þó ekki einhlítt þar sem innan „ríkjandi söguskilnings“ í lýðfrjálsu landi rúmast margar raddir (Karlsson, 2011). Hver kennslubók er því ekki strengjabrúða stjórnvalda hverju sinni þó ekki sé nema af því að stjórnvöld koma og fara en „kjörtímabil“ kennslubókar getur verið snöggum lengra. Af sömu ástæðum er ekki hægt að fullyrða að hver kennslubók spegli tíðarandann hverju sinni, hún getur verið kominn úr takt við hann þó að hún eigi nægan hljómgrunn til að notast enn um sinn. „Tíðarandi“ er heldur ekki einn og óskiptur þó að greina megi meginstrauma hverju sinni.

Hér þarf ennfremur að hafa fyrirvara á og leggja ekki öll þau námsgögn sem fjallað er um að jöfnu sem verkfæri þjóðminninga. Sum voru ætluð til takmarkaðrar notkunar, til dæmis í eigin kennslu höfundarins eða í öðru takmörkuðu samhengi. Önnur voru hins vegar gefin út eða samþykkt af opinberum aðilum og almennt notuð í langan tíma. Hér hefur Íslandssaga Jónasar Jónssonar frá Hríflu ákveðna sérstöðu vegna þess hve lengi hún var notuð, að vísu á móta og kennslubók Jóns Jónssonar Aðils en bók Jónasar var skyldulesning í barnafræðslunni og var því lesin af miklu fleirum en saga Jóns Aðils sem var gerð fyrir framhaldsnám. Af þessum ástæðum fær Íslandssaga Hríflu-Jónasar mikið rými í þessari grein, sömuleiðis vegna þess hve listilega hún er úr garði gerð og hve oft er til hennar vitnað.

Rannsóknir á kennslubókum og atburðum

Ekki eru til ítarlegar eða margþættar rannsóknir á umfjöllun einstakra atburða í kennslubókum né á þeim kennslubókum sem hér eru teknar til athugunar. Þó hefur allnokkrum sinnum verið tekið á þessum málum og skal nokkurra þeirra tækifæra getið hér.

Tveir íslenskir sagnfræðingar hafa fjallað ítarlegast um þær kennslubækur sem hér eru skoðaðar í ljósi frásagna af Tyrkjaráninu. Það er annars vegar Gunnar Karlsson sem skrifaði mikið tilvitnaða grein í tímaritið *Sögu* árið 1982 undir heitinu *Markmið sögukennslu: Söguleg athugun og hugleiðingar um framtíðarstefnu*. Þetta er brautryðjenda-

grein þó að höfundurinn segist styðjast „nær eingöngu við dönsk og ensk rit, auk íslenskra heimildarita, og alhæfi gróflega út frá þeim“ og því sé verk hans „glannalegt“, ennfremur glannalegt vegna þess að hann hefði enga menntun í uppeldis- og kennslufræðum. „En meðan allir aðrir þegja biðst ég ekki afsökunar á neinu.“ (Gunnar Karlsson, 1992, bls. 9). Þessi grein varð hinn fræðilegi inngangur að kennslubókarskrifum Gunnars sem áttu eftir að verða umfangsmiklar og vikið verður að síðar.

Í grein Gunnars Karlssonar leitar hann að markmiðum fyrir sögukennslu og lítur þá fyrst til fyrri tíðar, einkum þeirra markmiða sem birtast í kennslubókum í Íslandssögu og sér í lagi hinnar langlífu sögubókar Jónasar Jónssonar frá Hríflu. Hann dáist á margan hátt að kennslubók Jónasar, telur hana hafa einkenni góðrar spennusögu þar sem allt er „með felldu á yfirborðinu“ í fyrstu (þjóðveldisöld), síðan fellur á tími átaka „milli góðra Íslendinga og vondra útlendinga“ „en að lokum fer allt vel“ með kraftmiklum einstaklingum (Skúla fógeta, Jóni Sigurðssyni o.fl.) sem leiða þjóðina til sjálfstæðis og sjálfsbjargar (Gunnar Karlsson, 1992, bls. 18). Kennslubækur Jónasar og Jóns Aðils komu út aðeins þrem árum fyrir fullveldið 1918 þegar sjálfstæðisbaráttunni lauk „í raun“ að mati Gunnars og við tóku opnari innanlandsátök í stjórnámálum og félagasamtökum: „Það var sannarlega á síðustu stundu að Íslendingum var gefin sjálfsmýnd þar sem þeir voru sýndir sem ein heild í baráttu við erlent vald“ (bls. 21).

Þjóðernishyggjan í bókum Jónasar og Jóns gat ekki verið leiðarstjarna þeirra sem á eftir komu, segir Gunnar, og þar með trosnaði söguþráðurinn upp, spennan hvarf og tilfinningaþrunginn með. Eftir stóðu efnisatriði fyrirrennaranna en markmið þeirra voru ekki lengur í gildi og þekkingarmolarnir án takmarks og tilgangs (Gunnar Karlsson, 1992, bls. 21–28).

Tilkynning Gunnars um dauða sjálfstæðisbaráttunnar (og þar með þjóðernishyggjunnar) skömmu eftir útkomu höfuðrita hennar er að líkindum „greatly exaggerated“ (eins og haft er, ónákvæmlega, eftir Mark Twain af öðru tilefni). Sjálfur skrifaði Gunnar skömmu eftir þessa yfirlýsingu kennslubækur fyrir grunnskóla sem báru heitið *Sjálfstæði Íslendinga*. Þar er þjóðhollustan að vísu tempruð og blæbrigðarík en í umtalaðri grein Gunnars frá 1982 þótti honum leitinn erfið að markmiðum sögukennslubóka sem gætu tendrað áhuga nemenda án þess að efna til haturs á öðrum þjóðum, slétta yfir ýmsan annan ágreining og loka augum fyrir sagnfræðilegum rannsóknnum eins og hin eldheita þjóðernishyggja hafði í för með sér. Tilefni gefst síðar til að huga nánar að þessum vanda.

Ingi Sigurðsson sagnfræðingur nálgast kennslubækur frumherjanna úr annarri átt. Þær fá sérkafla í yfirlitsriti hans um íslenska sagnfræði 1850–1950 þar sem Ingi spannar víða hugmyndasögu sagnfræði, söguritunar, sögukennslu og félagslegs baksviðs alls þessa (Ingi Sigurðsson, 1986). Framsetningin er mjög skipuleg og ályktanir varkárar. Einkum leggur höfundur sig fram um að greina sögustarfsemina, þar með talið kennslubækur, í ljósi evrópskra hugmyndastrauma og slær þar marga varnagla. Nemandi hans, Sigríður Hagalínsdóttir, var nokkuð eindregnari í samantekt sinni í BA-ritgerð um líkt leyti, undir leiðsögn Inga, um þrjár af fyrstu kennslubókunum í Íslandssögu fyrir almannaskóla, það er eftir Þorkel Bjarnason, Boga Melsteð og Jón Aðils, og hún greindi þjóðernishyggju af mismunandi tagi í bókunum (Sigríður Hagalínsdóttir, 1985, bls. 62): „Þannig gætir í *Ágripi af sögu Íslands* [Þorkels] gamaldags pátíótisma en í *Stuttri kennslubók í Íslendinga sögu handa byrjendum* [Boga] er þjóðleg frjálshyggja megineinkenni og í *Íslandssögu* [Jóns] gætir mjög rómantískrar þjóðernishyggju.“ Í flokkun af þessu tagi gætir auðvitað ákveðinn einföldunar en jafnframt sundurgreiningar sem mikilvægt er að huga að.

Hanne Krage Carlsen athugaði í BA-ritgerð sinni, undir leiðsögn Gunnars Þórs Bjarnasonar, hvernig tekið er á útlendingum í fjórum íslenskum kennslubókum, með áherslu á einokunarverslunina og sjálfstæðisbaráttuna. Ritgerðin er fremur lýsandi endursögn en

greining en staðfestir þó að hinn beiski ádeilutónn í fyrri kennslubókum (Jónasar frá Hriflu og Jóns Aðils) sé horfinn í *Sjálfstæði Íslendinga* eftir Gunnar Karlsson: „Eldri bækurnar voru hlutdrægari, fjölluðu mikið um einstaklinga, vísuðu ekki í heimildir og fjölluðu lítið um atburði í alþjóðlegu samhengi. Hins vegar notaði elsta bókin mest frásagnartækni. Yngsta bókin var sú eina sem gagnrýndi eða tjáði einhvern efa gagnvart hegðun Íslendinga í stjórnmálum, einkum gagnvart Dönum“ (Hanne Krage Carlsen, 2011).

Í einni meistaraþrófsritgerð er könnuð umfjöllun um ákveðinn atburð eins og gert er í þessari grein. Ritgerðina skrifaði Guðlaugur Pálmi Magnússon en leiðbeinandi var Guðmundur Jónsson. Meginviðfangsefnið er gildamiðlun í sögukennslu, meðal annars eins og hún kemur fram í kennslubókum fyrir framhaldsskóla. Fræðilegt viðmið var hugmynd Thomasar S. Kuhn um kennimið (e. *paradigm*), það er ráðandi hugmyndafræði og kenni-setningar. Niðurstaða höfundar er sú að framfaratrú 19. aldar í Evrópu hafi sameinast sjálfstæðislönguninni á Íslandi og orðið ráðandi kennimið allt til síðustu ára. Í ritgerðinni var gerð sérstök athugun á siðaskiptunum: „Í þriðja hluta ritgerðarinnar er fjallað um siðaskiptin í íslenskum kennslubókum í sögu og sýnt hvernig sjálfstæðiskennimiðið er ráðandi túlkunarrámi og þjóðernishyggja ráðandi gildi. Niðurstöðurnar sýna að sami atburður getur miðlað mismunandi gildum. Þannig hafa siðaskiptin í Evrópu verið notuð til að miðla framfarahugmyndinni en siðaskiptin á Íslandi hafa miðlað þjóðernishyggju.“ Jafnframt þessu byggist ritgerðin á spurningakönnun meðal norrænna (þ.á.m. íslenskra) sögukennara 2006–2007 og viðtölum við íslenska sögukennara skömmu síðar og þar kom fram að þjóðernisleg viðhorf eru sterkari í námsgögnunum en meirihluti kennara kærir sig um (Guðlaugur Pálmi Magnússon, 2012).

Kennslubækur síðustu áratuga hafa verið talsverð rannsakaðar frá kynjasjónarhorni og verður tilefni í framhaldsgrein að geta þeirra rannsókna og hagnýta þær.

Rannsóknir á frásögnum af einstökum fornum atburðum í kennslubókum eru ekki algengar, hérlandis jafnt sem erlendis. Þetta er þó til og skulu tilgreind dæmi sem fundist hafa. Fyrst skal nefna rannsókn Ludwig Heinz Sommerbauer á frásögnum af umsátri Tyrkja um Vínarborg 1683 í austurrískum og frönskum kennslubókum á 20. öld. Niðurstaða Sommerbauer var sú að keisarin hafi verið hetjan í lýsingum á þessum atburðum í skólabókunum meðan keisaradæmi stóð í Austurríki en á valdatíma nasista var prinsinum Eugen lyft á stall svo að úr honum varð eins konar „Führer“. Í frönskum kennslubókum var pólska konunginum Sobieski haldið á lofti sem endurlausnara kristni og Vínarborgar en jafnframt harmrænni hetju sem uppskar lítinn feng fyrir sjálfan sig og land sitt (Sommerbauer, 1987). Fortíðin er hin sama en persónur hennar fá ólíkt vægi eftir ritunartíma og ritunarstað námsbókanna.

Sagnfræðingurinn Ine Anna Guhe rannsakaði franskar og þýskar kennslubókarfrásagnir af krossferðunum sem gefnar voru út á tímabilinu 1871–1914 (Guhe, 2013). Markmið Guhe (2013) var einfalt og skýrt, að finna skýringu á því að svo evrópskur atburður sem krossferðirnar skyldu vera túlkaðar í skólabókum frá afmörkuðu sjónarhorni tveggja þjóða þegar komið var fram á níttjándu öld. Og hvaða mynd voru krossferðirnar láttnar draga upp af þessum þjóðum, Frökkum og Þjóðverjum? spurði Guhe. Skólabækurnar voru ekki valdar af kennslufræðilegum ástæðum heldur af því að þær eru vitnisburður um tíðaranda og opinbera hugmyndafræði. Guhe sá með skýrum hætti að aðstæður í Þýskalandi og Frakklandi eftir stríð þessara þjóða setti mark sitt á umfjöllunina um krossferðirnar. Í þýsku bókunum var leitað að vexti og hetjulund keisaradæmisins á dögum krossferðanna en í þeim frönsku voru Frankar í aðalhlutverki og fremstur þeirra var Godfrey af Bouillon/Godefroy de Bouillon. Hetjur eru hentugar þegar þjóðarímyndir eru dregnar upp því þar getur einstaklingurinn tengt sig við þjóðarsöguna, segir Guhe (bls. 370). Gagnrýnisraddir

heyrðust í einstökum frönskum kennslubókum þar sem haldið var fram fágun arabískrar menningar.

Krossferðalýsingarnar bera merki um samtíma kennslubókanna í Þýskalandi og Frakklandi, að mati Ine Anna Guhe. Austurlandafræðingurinn Matthias Determann (2008) komst að svipaðri niðurstöðu þegar hann rannsakaði frásagnir af sömu fyrirbærum í arabískum kennslubókum sem gefnar voru út rúmum hundrað árum síðar, á tímabilinu 1995–2006, fyrir daga „arabíska vorsins“. Þar sást munur eftir löndum og að mati Determanns endurspeglar hann nútímatengsl og samskipti við Vesturlönd. Líbanon, Palestína og Túnís opnuðu fyrir vestrænar heimildir um krossferðirnar og gáfu einna blæbrigðaríkastar lýsingar. Í þessum löndum er hvað mest um fólk sem hefur menntast á Vesturlöndum og er opið fyrir vestrænum áhrifum. Hins vegar var frásögnin mjög einhliða í sádíarabískum og líbískum kennslubókum og hamrað á yfirburðum arabískrar menningar og yfirgangi Vesturlanda fram til síðustu daga. Tónninn var slíkur í kennslubókum í Sádí-Arabíu þrátt fyrir mikil stjórnmálatengsl við Bandaríkin og fleiri vestræn ríki sem hugsanlega rista þá ekki mjög djúpt.

Það kveður við þjóðhverfan tón í krossferðalýsingum í evrópskum kennslubókum á seinni áratugum 19. aldar og fram yfir aldamót, sömuleiðis í arabískum kennslubókum um og eftir aldamótin 2000. Þær kennslubækur sem fjallað er um í þessari grein ná milli þessara tveggja tímabila. Rannsóknarspurningarnar sem spurt er hér eru á vissan hátt fjölþættari en almennt gerist í rannsóknunum sem sagt var frá hér á undan. Kennslubækurnar eru hér ekki einungis skoðaðar sem vitnisburður um tíðaranda og pólitískt ástand heldur einnig sem kennslu- og námskráfræðileg verkfæri og höfundarverk. Hér er verkefnið hins vegar ekki að kanna hverja kennslubók í heild sinni og bera saman við aðrar á þann hátt heldur fyrst og fremst að greina umfjöllun þeirra um einn atburð, Tyrkjaránið árið 1627. Þessi umfjöllun verður þó ekki skilin án þess að huga að heildinni og verður það gert að megni eftir því sem tilefni eru til og tækifæri gefast.

Tyrkjaránið sem kennslubókarefni

Í þessari grein er greint frá rannsókn á umfjöllun um Tyrkjaránið á Íslandi 1627 í sögukennslubókum frá 1880 fram um 1970. Í framhaldi hennar verður í annarri grein tekið upp þráðurinn og haldið áfram til síðustu ára, ennfremur tekið saman það sem álykta má af rannsókninni í heild.

Tyrkjaránið kallast atburður sem átti sér stað sumarið 1627 er sjóræningjar með leyfisbréf frá norðurafrískum borgaryfirvöldum, sem hér verða nefndir korsarar, rændu og tóku fólk herfangi, fluttu til Salborgar í Marokkó og Algerisborgar, seldu flesta á þrælamarkaði en höfðu jafnframt til „sölu“ fyrir lausnarfé. Nánari lýsing á þessum atburðum verður ekki gefin hér en vísað á umfjallanir annars staðar, til dæmis á *Vísindavefnum* (Þorsteinn Helgason, 2006a, 2006b, 2006c).

Umfjöllun um Tyrkjaránið í námsgögnum getur verið með ýmsum hætti en vissar aðstæður setja slíkri umfjöllun jafnan skorður af ýmsu tagi. Í fyrsta lagi takmarkast hún af þeim heimildum og upplýsingum sem fyrir hendi eru. Höfundar setja sjaldan efni í sögukennslubækur sem engar heimildir eru fyrir. Að vísu geta höfundar rökrætt söguleg ferli sem ekki verða staðfest með heimildum og stöku sinnum eru sögukennslubækur settar fram sem heimildaskáldsögur þar sem skáldað er í eyður eins og sjá má af *Snorra sögu* eftir Þórarin Eldjárn (2003). Í öðru lagi takmarkast umfjöllunin af því sem þykir við hæfi að setja í kennslubækur fyrir almannaskóla hverju sinni, hina „viðurkenndu þekkingu“ sem áður er nefnd. Kennslubókin er *sui generis*, textategund sem hefur eigin sérkenni, á sér form og hefðir sem þræða milliveg milli kennslu og rannsókna, kennslufræði og faggreinar, upplýsingahlutverks og skemmtunar (Johnsen, 1992, bls. 10). Í þriðja lagi hvílir sú skylda á

höfundinum að gæta „þjóðminningarinnar“. Sú skylda vegur misjafnlega þungt og höfundurinn reynir ef til vill að feta stig vísindalegrar sagnfræði sem hefur orðið viðskila við þjóðminninguna sem að jafnaði er íhaldssöm (Wertsch, 2007). Sögukenndslubækur togast á milli sagnfræði og minninga eins og Heathorn og Byrne (2004, bls. 3) hafa lýst þeim, „... þær tengja saman sameiginlega minningu, bæði opinbera og almannaminni, og fræðilega iðju“. Þjóðernisstefnan sem gætti mjög á því tímabili sem hér er til umræðu vildi fasta þjóðminningu um meginatburði eins og Tyrkjaránið en það reyndist erfitt verkefni fyrir höfundana eins og fram kemur hér á eftir.

Kennslubókarhöfundarnir eru þannig bundnir af tiltækum upplýsingum um það efni sem er til umfjöllunar, hefðum og skyldum, í þessu tilviki um Tyrkjaránið, en svigrúm þeirra er engu að síður verulegt. Nokkra valkosti í umfjöllun þeirra má draga upp hér.

- Umfang frásagnarinnar. Höfundurinn getur sleppt því að fjalla um atburðinn (Tyrkjaránið eða annan atburð) en hann getur líka kosið að gefa honum verulegt rými. Dæmi um þetta er annars vegar kennslubókin *Aldir bændasamfélagsins*, þar sem Tyrkjaránsins er ekki getið í meginmáli, og hins vegar heimabyggðarefni í Vestmannaeyjum þar sem þriðjungur eða fjórðungur efnisins er um Tyrkjaránið. (Sjá nánar í seinni grein).
- Samhengið (e. *context*) og frumsagan (e. *metanarrative*) sem atburðurinn er settur í. Þannig má til dæmis fjalla um Tyrkjaránið í samhengi varnarmála á Íslandi, sem tengingu eða árekstra ólíkra menningarheima, sem eftirtektarvert lífshlaup nokkurra einstaklinga til samsömunar og samanburðar eða sem áfall og menningararf sem lifir með ýmsum hætti sem sameiginleg minning um tráma og sérstæða reynslu.
- Þema og boðskapur í sögunni. Hvað sýnir Tyrkjaránið? Eða sýnir það ekki neitt þar sem það var svo samhengislaust í íslenskri sögu? Erfitt mun reynast að forðast alla túlkun eins og fram kemur í yfirferðinni hér á eftir. Söguritun án „fléttu“ (e. *emplotment*) að skilningi Haydens White er tæpast möguleg því hún býr í frásagnarhættinum og stílnum þó að hún liggi ekki alltaf ljós fyrir (White, 1973).
- Persónur sem sagt er frá eða sleppt að segja frá eða fá breytilegt vægi og um-sagnir. Þetta er næsta ljóst í frásögnum af Tyrkjaráninu þar sem danskir forystu-menn voru nefndir í fyrri kennslubókum (og fengu árnæmi) en meira ber á her-teknum konum í hinum síðustu.

Í ljósi ofangreindra þátta verða kennslubækurnar rannsakaðar með ákveðnar spurningar í huga. Þessar spurningar mótuðust smám saman eftir nokkra yfirferð yfir viðfangsefnið, það er umfjöllun um Tyrkjaránið í kennslubókum. Slíkt vinnulag hafa Morgan og Henning (2012) þróað þegar þær rannsökuðu umfjöllun um kynþáttahyggju í suðurafrískum sögu-kennslubókum. Spurningarnar urðu til í samspili viðfangsefnisins og fræðilegrar umræðu.

Ekki gefa þó öll námsgögnin sem hér eru rannsökuð tækifæri til svara við öllum spurningum, fremur en í tilviki Morgan og Henning, meðal annars vegna þess hve umfjöllunin í kennslubókunum er ólík að umfangi. Valið á spurningum sýnir jafnframt forgangsroðun og smekk rannsakandans en þannig er jafnan í pottinn búið þó að reynt sé að gæta jafnvægis og sanngirni (Ivič, Pešikan og Antič, 2013; Nicholls, 2003; Pingel, 2010). Lesandinn þarf því að halda vöku sinni og gæta að gildismati og hneigðum rannsakandans.

Þessar spurningar verða þó einkum hafðar í huga þar sem tilefni gefst til:

- Á hvaða tíma kom kennslubókin út og hvenær og hvar var hún notuð? Hver gaf hana út og í hvaða tilgangi og samhengi?

- Hvaða rými fær Tyrkjaránið í viðkomandi námsefni? Er hægt að rekja ákvarðanir um umfangið til smekks eða áhuga höfundarins, til námskrár (og hvað stjórnar þá námskránni?), til þess samhengis og skipulags sem höfundurinn fylgir (og hvaðan kemur það?) eða er í stuttu máli einhvers konar „tíðarandi“ hér að verki?
- Hverjir eru kvarðar sögunnar sem Tyrkjaránið er mátað við – kvarði einstaklinganna, byggðarinnar, þjóðar eða lengri þráða sem teygja sig um lönd og hugarheima?
- Hvaða sérsvið sagnfræðinnar eru kölluð til hjálpar við umfjöllunina – stjórnmálasaga, hernaðarsaga, menningarsaga?
- Hve nákvæm er frásögnin um einstök atriði, er farið rétt með frumheimildir samkvæmt hefðbundnum rýnireglum? Er tekið tillit til nýjustu rannsókna?
- Hvaða persónum er teft fram og hverjum er haldið til hlés? Hvaða eiginleikar eru taldir persónu til tekna hverju sinni?
- Hverjir eru gerendur og þolendur í umfjölluninni, bæði einstaklingar og hópar? Hver eru framandgerð, hver eru „hin“ og hver eru „við“ eða er flokkunin ekki ótvíræð? Gætir þjóðernishyggju í frásögnunum?
- Hver er frásagnarhátturinn, hvaða stílbrögðum er beitt og hve vel þjóna þau markmiðum höfundarins? Hvernig vinna meginmál, myndir, myndatexti og aukaefni saman?
- Hvers konar kennslufræði er ríkjandi – heildstæð frásögn, þemakennd, vekjandi, nemendamiðuð?
- Hvaða hugmyndafræði litar frásögnina, hver er hin sameiginlega minning sem haldið er á lofti hverju sinni?
- Erfast frásagnarháttur og viðhorf milli kennslubóka með textatengslum (e. *inter-textuality*)?

Hér hefur verið greint frá fræðilegum bakgrunni þeirrar athugunar á umfjöllun kennslubóka um Tyrkjaránið sem er viðfangsefni greinarinnar. Frekari fræðilegar útlistanir og hugleiðingar fléttast síðan inn í verkið svo sem því vindur áfram líkt og siður er í mörgum sagnfræðilegum ritum.

Brautryðjendur

Þeir sem fyrstir fjölluðu um Tyrkjaránið í kennslubókum gátu byggt á ríkulegum frásögnum sem ritaðar voru skömmu eftir að atburðirnir áttu sér stað. Þar er einkum um þrjár meginsögur að ræða (Þorsteinn Helgason, 2006a, 2013):

1. Frásögn Kláusar Eyjólfssonar lögréttumanns sem lýsti atburðunum á Austurlandi en þó einkum í Vestmannaeyjum, að öllum líkindum eftir frásögnum sjónarvotta sem undan komust og af upplifun sinni á vettvangi í Vestmannaeyjum. Þetta ritaði Kláus óðar en ránsmenn voru úr augsýn.
2. Reisubók sr. Ólafs Egilssonar sem hertekinn var ásamt fjölskyldu sinni í Vestmannaeyjum en var sleppt eftir skamma vist í Algeirsborg til að bera erindi sitt um lausnarfé upp við konung og aðra sem málið varðaði. Að mestu segir Ólafur frá eigin reynslu en hefur aðra sjónarvotta til vitnis um sum atriði. Sögu sína skrifaði hann að líkindum árið eftir að ránið átti sér stað.
3. Tyrkjaránssaga Björns Jónssonar á Skarðsá. Björn var sagnaritari Þorláks Skúlasonar biskups á Hólum og skrifaði yfirlitssögu ránsins að beiðni hans árið

1643. Hana byggði Björn á áðurnefndum ritum Kláusar og Ólafs en einnig sendibréfum hertekinna frá Algeirsborg og fleiri heimildum.

Ekkert af ofantöldum ritum varðveittist í frumriti en afrit þeirra gengu um landið og um miðja 19. öld voru þær prentaðar (þó að þær prentanir þyki ekki að öllu kórréttar). Árin 1906–1909 sá Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður um vandaða útgáfu af öllum tiltækum heimildum um ránið á vegum Sögufélags sem síðan hefur verið grundvallarrit þeirra sem fjalla um þessa atburði. Hin síðustu ár hafa nokkrar viðbótarheimildir komið fram og viðameiri rannsóknir hafist á atburðinum.

Kennslubókahöfundar hafa þannig átt aðgang að ritum um Tyrkjaránið allt frá upphafi. Munurinn á umfjöllun þeirra skýrist því að litlu leyti af aðgengi að mismunandi heimildum eða skorti á upplýsingum. Vafalaust hafa höfundarnir engu að síður notað í reynd mismunandi heimildir og upplýsingar. Það skýrist af aðstæðum þeirra og hneigðum í hugmyndalegum skilningi. Vitneskjan um Tyrkjaránið hefur byggst á handskrifuðum og prentuðum ritum en einnig á almennri og sértækri vitund um ránið sem hér er kosið að kalla sameiginlega minningu. Sú minning var og er þó ekki sjálfstætt fyrirbæri heldur nærast á ritunum.

Í þessari úttekt verður fyrst og fremst fjallað um kennslubækur fyrir almannafræðsluna og upphafið sett við almannaskóla sem tóku að spretta upp á síðari hluta 19. aldar. Fyrsta sögukennslubókin handa því stigi kom út 1880. Fyrir þann tíma var heimafræðsla ríkjandi og erfiðara að festa hönd á efni sem notað var á þeim vettvangi utan kristindómsfræðslu sem byggðist á fermingarfræðslu með „kveri“. Í landinu voru þó lengi tveir latínuskólar og þar var ætlast til þess að nemendur lærðu eitthvað um sögu föðurlandsins. Frá miðri 18. öld eru heimildir um að rætt hafi verið um þörfina á námstexta um sögu landsins. Brautskráður nemandi og prestur hvatti skólameistarann í Skálholti til að búa til „samantekt um sögu föðurlandsins til notkunar í skólum“ (l. *compendium historię patrię in usum scholarum*). Hinn velmenntaði en jafnframt fremur þunglyndi skólameistari, Jón Þorkelsson, svaraði og benti á að hann hefði þegar samið „með harmkvælum“ (l. *inter tormenta*) á latínu „Þætti úr Íslenskri sögu í bundnu máli“ (l. *Eclogarium Islandicum historico-metricum*, *Æfisaga Jóns Þorkelssonar*, 1910, bls. 172–173).


Í *Eclogarium* er Tyrkjaránsins getið og er það allt séð í ljósi Jóns Þorsteinssonar píslarvotts. Skáldið byrjar á því að nefna fánýta iðju föður síns sem hafi leitað gulls í iðrum jarðar á Íslandi. Þennan samanburð notar höfundurinn til að upphæfja Jón Þorsteinsson sem hann segir að hafi farið betur að ráði sínu og leitað andlegra verðmæta. Hann hafi erft skáldgáfuna frá föður sínum og notað hana til að boða fordæmi Krists og ástríka guðrækni fyrir sveitungum sínum í Vestmannaeyjum. Hann hafi fallið á flóttu fyrir stríðsmönnum sem komu úr Barbaríinu yfir hið víða haf og réðust á okkur af fádæma offorsi. Þetta hafi verið ráðstöfun guðdómsins, tyftun fyrir óhlýðni. Grátbænir skáldið guðdóminn að slíkt hendi ekki aftur (*Æfisaga Jóns Þorkelssonar*, 1910, bls. 303).

Vafamál er hvort þessi bálkur Jóns Þorkelssonar, sem er 1.828 ljóðlínur, hefur verið notaður í Skálholtsskóla en hann er þó til vitnis um orðræðu menntamanna um sögu landsins og um þankagang Jóns Þorkelssonar sér í lagi. Sögubálkurinn stendur hér sem stakt dæmi og bíður frekari rannsókn.

Þegar hafist var handa við að fjalla um Tyrkjaránið í kennslubókum gátu höfundarnir gengið í smiðju til upphaflegu frásagnanna af ráninu sem skrifaðar voru á sautjándu öld og gengu í afritum allar götur síðan. Prentun á þessum frásögnum hófst upp úr miðri nítjándu öld og flestir kennslubókahöfundar höfðu því aðgang að þessum frásögnum. Þær hafa augljóslega verið mótandi fyrir frásagnarhátt kennslubókahöfundanna.

Fyrsta bókin sem prentuð var gagnert sem kennslubók í Íslandssögu var *Ágrip af sögu Íslands* eftir séra Þorkel Bjarnason sem var prestur á Reynivöllum í Kjós (Þorkell Bjarnason, 1880; sjá *Mynd 1*). Hann beitti sér fyrir byggingu skólahúss á prestssetrinu en skólahald stóð þó einungis í fá ár þar sem heimafræðslan hafði vinninginn (Þorsteinn Helgason, 2000, bls. 46). Þorkell var gefinn fyrir fræðagrúsk og hélt erindi og skrifaði greinar um sögu landsins. Kennslubókin kom fyrst út 1880 og var endurprentuð árið 1903, ári eftir lát höfundarins. Á suman hátt gaf hún tóninn fyrir þær kennslubækur sem á eftir komu með skipulagi efnisins og túlkun. Bogi Melsteð gaf henni þá umsögn að efnið væri „... als eigi lagað til þess að vera kennslubók handa unglingum nje til lesturs handa alþýðu ...“ Ekki útskýrði hann nánar í hverju þessir ágallar fælust (Bogi Th. Melsteð, 1903, bls. x). Fleiri tóku þó undir þessar aðfinnslur og má ef til vill greina að ekki hafi verið nóg af ættjarðarást í bókinni en einnig þótti hún og samhengislaus og sinnti lítt orsökum og afleiðingum hlutanna (Loftur Guttormsson, 1999, bls. 11–12; Ólafur Rastrick, 2008, bls. 163–164).

Hjá Þorkeli er gullaldar- og hnignunarkenningin ekki ráðandi eins og og síðar varð í sögu-kennslubókum. Þjóðveldisöldin svokallaða einkenndist af spillingu, lögleysu, ófrelsi og sjúkdómum, að mati Þorkels, og þetta ástand kvað hann hafa staðið allt fram á miðja 18. öld og að tímabilið 1600–1786 hafi verið verst.



Mynd 1 – Ekki liggja fyrir upplýsingar um eintakafjölda fyrstu kennslubókarinnar í Íslandssögu. Þetta eintak, varðveitt á Bókasafni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, hefur þó greinilega verið notað í þáula.

Í þetta líkan var auðvelt að fella Tyrkjaránið þó að höfundurinn geri það ekki beinum orðum. Ránið er tengt dauða Guðbrands biskups: „Sama árið, sem Guðbrandr dó, var höfuðsmaður hér Holgeir Rósenkrans. Þá komu hingað tyrkneskir víkingar frá Algier ...“ (Þorkell Bjarnason, 1880, bls. 74). Þetta er lágmarkstenging, aðeins með tímasetningunni og tveim nafngreindum persónum. Þorkell rekur atburðarásina og álasar Holgeiri Rosenkrantz höfuðsmanni fyrir að hafa ekki leyft að ráðist yrði á ræningjanna þegar þeir strönd-

uðu á Seylunni úti fyrir Bessastöðum (bls. 75). Í upphafi kaflans er tekið fram að ræningjarnir hafi verið „múhameðstrúar“ og „mjög grimmir kristnum mönnum“ og í lokin er sagt frá því að nokkrir hinna herteknu hafi kastað trúnni. Að öðru leyti er frásögnin hófstíll og blátt áfram og fátt um ályktanir.

Enn ágripskenndari sögukennslubók fyrir barnafræðsluna kom út sama ár og endurprentun af *Ágrip* Þorkels og hefur keimlíkt heiti: *Ágrip af Íslandssögu* eftir Halldór Briem (1903). Þar er Tyrkjaránið tengt við Guðbrand biskup með dánarári hans, rétt eins og í frásögn Þorkels. Aðfinnslur í garð Rosenkrantz höfuðsmanns er ekki að finna, þvert á móti telur Halldór að liðssafnaður hans hafi hrakið ránsmenn á brott (bls. 80). Á eftir Tyrkjaráninu kemur kafli um galdra, eins og í bók Þorkels.

Hvergi er minnst á þetta kver Halldórs Briem í yfirliti Boga Th. Melsteð um kennslu í Íslandssögu sem hann gaf út árið 1909. Hins vegar er hann býsna ánægður með eigin kennslubók, *Stutta kennslubók í Íslendinga sögu handa byrjendum*, vegna þess að „... nú er tekið að nota hana víðsvegar um landið, og þykir börnum og unglingum gaman að lesa hana“ (Bogi Th. Melsteð, 1904, bls. iv). Bogi sótti menntun í sagnfræði til Danmerkur og hélt því fram að Danir væru fremstir allra í sagnaritun „að tiltölu“ (bls. iv).

Merkja má viðleitni í kennslubók Boga til að skrifa auðvelt og skýrt mál fyrir börn. Setningar eru yfirleitt stuttar eins og sjá má í kaflanum um Tyrkjaránið: „Þeir voru grimmir eins og hundar við kristna menn. Eitt af skipum þeirra kom í Grindavík. Þar rændu þeir“ (Bogi Th. Melsteð, 1904, bls. 64).

Stuttar og skýrar setningar eru ekki endilega auðskildari en langar. Engin skýringaorð eru á milli þessara setninga og lesandinn gæti því tekið að tengja þær saman og álykta að þeir sem rændu í Grindavík hafi verið grimmir sem hundar. Það á hins vegar fremur við um framferði þeirra í Vestmannaeyjum og nær væri að segja að korsarar í Grindavík hafi verið „slægir sem refir“, svo að áfram sé notast við dýralíkingar.

Rosenkrantz höfuðsmaður fær þá umsögn í kennslubók Boga að hann hafi ekki þorað að skjóta á Tyrkina. Aftur er lesandinn látinn um frekari túlkun því ekki segir hvort það var af hugleysi eða skynsemi. Um fangana 27 sem leystir voru 1634 segir Bogi: „Þeir voru keyptir út af Danakonungi“ (Bogi Th. Melsteð, 1904, bls. 65). Þetta hljómar eins og hlutlæg staðreynd en felur í sér tiltölulega bjarta mynd af konungi sem í seinni kennslubókum átti eftir að dökkna. Ágrip Boga kom út þrisvar, 1904, 1907 og 1914, svo til óbreytt fyrir utan nokkrar myndir og „ágrip af þjóðfélagsfræði“ í seinni útgáfunum tveim. Jafnhliða kennslubókinni skrifaði Bogi Melsteð ítarlegri „alþýðubók“ um þjóðveldisöldina með fjárhagsstuðningi Alþingis (Bogi Th. Melsteð, 1900). Ennfremur gaf hann út í Kaupmannahöfn árið 1910 *Sögukver handa börnum ásamt nokkrum ættjarðarljóðum og kvæðum* þar sem hann var að uppfylla ákvæði í fræðslulögunum frá 1907 um að „hvert barn, sem er fullra 14 ára, skuli vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum ...“ (Bogi Th. Melsteð, 1910, bls. 2). Þar er snemma sagt frá Hallgrími Péturssyni og þar á meðal af námi hans í Kaupmannahöfn:

Um þetta leyti leysti Kristján konungur hinn fjórði út íslenskt fólk, 38 menn alls, sem Tyrkir höfðu tekið hjer á landi og flutt burt og haldið í ánauð. Fólk þetta skildi ekkert í dönsku og því var Hallgrímur Pjetursson fenginn til þess að rifja upp aptur með því kristindóminn. Í hópnum var kona ein, sem hjet Guðríður Símonardóttir. Hallgrími leist vel á hana og fór því úr skóla og hjelt með fólki þessu til Íslands (1637) (bls. 13).

Hér er sléttað yfir flest sem gæti orðið að átaka- og álitamálum: Konungurinn leysir fólkið út (honum er ekki álasað fyrir seinagang), kristindómsfræðslan snýst um tungumálavanda (ekki innrætingu), Hallgrími leist vel á Guðríði (en ekki er talað um hórdóm).

Kalla má þessar fyrstu fjórar kennslubækur í Íslandssögu þjóðernislegar en þjóðernislíkanið er þó ekki fullmótað og fremur temprað. Í umfjölluninni um Tyrkjaránið er danska konungsvaldið ekki gert að verulegum þátttakanda í atburðunum og enn síður að söku-dólgi. Aðeins í fyrstu bókinni er höfuðsmaður gagnrýndur fyrir framgöngu sína á Bessa-stöðum. Textinn í kverunum þrem er svo knappur að kennarinn verður að axla hlutverk sögumanns sem gæðir atburðina lífi. Næstu kennslubækur voru viðameiri og þjóðernis-túlkunin samstæðari þó að jafnan væri erfitt að fella Tyrkjaránið alveg að þjóðernislegu líkani.

Óspektir útlendinga

Sögukennslubókum fjölgaði með eflingu fræðslu- og skólakerfis, fræðslulögunum 1907 og fleiri ráðstöfunum. Útgáfan náði vissu hámarki árið 1915 með tveim bókum sem hafa orðið lífseigastar allra slíkra á Íslandi fyrr og síðar. Báðar hétu þær stutt og laggott *Íslands saga* og var önnur ætluð börnum og hin unglíngum.

Jón Jónsson Aðils var annar námsbókarhöfundanna, menntaður í sagnfræði í Kaupmannahöfn, lauk þó ekki námi sínu en varð síðar prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Aðalrit hans á sviði sagnfræði er um einokunarverslunina. Hann notaði gullaldarlíkanið á almennum vettvangi í vinsælli fyrirlestraröð sem hann hélt með styrk frá Alþingi og fékk mikið lof fyrir víða. Fyrirlestrarnir komu út á prenti 1903, 1906 og 1910 og voru í heitunum kenndir við gullöld, íslenskt þjóðerni og dagrenningu. Að mati sagnfræðingsins Sigríðar Matthíasdóttur var framlag Jóns Aðils veigamikið við mótun þjóðernishugmynda Íslendinga í upphafi 20. aldar.

Hugmyndir sem þegar voru fyrir hendi um þjóðernið voru styrktar, eflar og bræddar saman í heilsteyptara sögulegt hugmyndakerfi en áður þekktist. Endurmótunin fór fram á ýmsum vígstöðvum og fjölmargir lögðu hönd á plóg en sagnfræðingurinn Jón Aðils hafði þó sérstöku lykilhlutverki að gegna við að skilgreina hina nýju heimssýn. (Sigríður Matthíasdóttir, 2004, bls. 359)

Gullaldar- og hnignunarlíkanið var hluti af nýrri heimssýn en það er þó ekki alveg misfella-lausi í kennslubók Jóns sem einkum var ætluð fyrir framhaldsnám, eftir að barnafræðslu lauk. „Syndafallið“ með gamla sáttmála 1262 er ekki algert, í meðförum Jóns Aðils, þar sem Noregskonungar hefðu verið blóðskyldir Íslendingum og borið hag blóðfrænda sinna fyrir brjósti (Jón Aðils, 1915, bls. 186). Ástandið versnaði hins vegar, að mati Jóns, þegar konungsvaldið fluttist til Danmerkur þó að sjá mætti sumt jákvætt í aðgerðum Kristjáns konungs fyrsta (bls. 187–188). Um 1400 er hnignunin ljós í augum Jóns, „... ytri velgengni hefir stórhagnað, verzlunin er algerlega komin úr höndum Íslendinga, og sjálfstætt andlegt líf að heita má liðið undir lok“ (bls. 180). Merkilegt er þó að hann sá endurreisn bókmenntanna og andlegs lífs fylgja siðskiptunum og margir biskupanna fengu góða um-sögn.

Í kennslubók Jóns Aðils gætir almennrar tortryggni í garð útlendinga, hvort sem þeir eru kaupmenn, sjómenn eða embættismenn. Erlendir biskupar *hlutu* nánast að vera verri en íslenskir, svo að dæmi sé tekið: „Frá 1342 voru biskupar um langan aldur útlendir menn ... og má geta nærri hverjar afleiðingar það hafði í för með sér“ (Jón Aðils, 1915, bls. 168). Ákveðinn vandi var við smíði líkansins þegar hópar útlendinga áttu í árekstrum. Þannig er yfirgangur enskra kaupmanna og sjómanna á 15. öld að nokkru leyti skýrður með bönn-um og hindrunum sem Norðmenn settu á athafnir þeirra (bls. 196). Meginboðskapurinn er

Þó sá að um hafi verið að ræða illvirki og yfirgang í garð Íslendinga. Um þetta er fjallað í nokkrum köflum undir aðalfyrirsögninni *Ástand og horfur*. Umfjöllunin hefst á sóttum og plágum og heldur áfram í eldgosum, mannfelli og innleiðingu einokunarverslunar, síðan taka við rán og gripdeildir Englendinga (1579) og Baska (1615) og hámarki er náð með Tyrkjaráninu 1627: „Af öllum óspektum útlendinga hér við land kveður langmest að ránum Tyrkja sumarið 1627“ (bls. 255). Eftir þessa inngangssetningu, sem setur atburðinn í samhengi, koma heilar tvær síður um Tyrkjaránið í bók sem fjallar í tímaröð um sögu landsins frá landnámi til ritunartíma bókarinnar og er 381 síða að lengd. Frásögnin er yfirleitt greinargóð og hófstíllt en árásin á Grindavík og Bessastaði fær um það bil helmingi meira rými en ránið í Vestmannaeyjum sem „mest kvað þó að“ (bls. 256). Tvær persónur eru nefndar á nafn, Holgeir Rosenkrantz, vegna varnaraðgerða á Bessastöðum og fyrir að hafa bannað gagnárás, og séra Jón Þorsteinsson vegna píslarvættis síns. Vígi hans er lýst í fornsagnastíl: „... víkingar ... klufu hann í herðar niður.“ Þetta stingur í stúf við frásögn Kláusar Eyjólfsssonar sem er upphafsmaður lýsingarinnar á drápi prestsins. Í lýsingu Kláusar er kristileg þrenning ríkjandi: Séra Jón var höggvinn þrisvar og þrisvar mælti hann orð af vörum og ákallaði drottin sinn. Guðríður Símonardóttir er ekki nefnd til sögunnar í kennslubók Jóns Aðals og því síður Anna Jasparsdóttir. Tími þessara kvenna var ekki kominn. Orðræða þjóðernisins sem mótaðist í byrjun aldar var mjög karllæg (Sigríður Matthíasdóttir, 2004, bls. 77–86).

Kennslubók Jóns Aðils kom fyrst út 1915 en var endurútgefin þrisvar að honum látnum, 1923, 1946 og 1962. Nokkru var breytt og bætt við í seinni útgáfunum en frásagan af Tyrkjaráninu stóð óhöggð.

Áhrifaríkasta kennslubókin

Jónas Jónsson frá Hríflu er höfundur orðlögðustu og langlífustu kennslubókar í Íslands sögu sem um getur til þessa. Hana samdi Jónas snemma á ferli sínum, meðan hann starfaði í Kennaraskóla Íslands og áður en stjórn málaferill hans hófst fyrir alvöru. Engu að síður væri hægt að setja bókina í samhengi þessa ferils og heildarhugmynda Jónasar um nútímavæðingu á Íslandi, þjóðerni, hlutverk stéttanna, menntamál og í samhengi fleiri hugmyndastrauma síns tíma. Það verður þó ekki gert hér nema að litlu leyti.

Jónas hafði ákveðnar skoðanir á tilgangi og framsetningu kennslubókarinnar eins og fram kemur í formála seinna heftis Íslandssögunnar (Jónas Jónsson, 1916, formáli án blaðsíðutals):

- Hún á að vera nemendamiðuð, „sniðin eftir barnseðlinu“.
- Innihaldið á ekki að vera samþjappaður fræðitexti.
- Kennslubækur eiga ekki að vera „yfirlit og kerfi“ heldur „saga í brotum“.
- Þær eiga ekki að vera of stuttar þannig að staglast verði á þeim í skólunum.
- Þær eiga að vera hvetjandi til frekara náms, lestrarlöngunar, fróðleiksfýsnar og sjálfstæðrar vinnu.
- Persónusagan og menningarsagan henta best fyrir börn (bókin var samin fyrir aldurinn 10–13 ára).
- Kennslubækur af þessu tagi skulu skrifaðar á venjulegu ritmáli og ekki „í neðanmálssögustíl“.
- Bókin á að fjalla um auðskildustu og einföldustu meginatriði í sögu landsins.

Margt af þessu gætu kennslubókahöfundar nú um stundir tekið undir þó að ekki yrði jafnmikið samkomulag um inntakið og framkvæmdina.

Jónas taldi tímabilaskiptingu og samhengi ekki vera meginatriði fyrir börn, það kæmi seinna á skólagöngunni. Í Íslandssögu hans tekur hver smákaflinn við af öðrum næstum í smásagnastíl. Algengt er að krækja hvern kafla við þann næsta á undan með stuttri tengingu. Þannig er staðið að verki þegar kemur að Tyrkjaráinu í tímaröðinni: „Sama árið og Guðbrandur biskup dó, komu hingað tyrkneskir víkingar og fóru með hinum mesta ránskap“ (Jónas Jónsson, 1916, bls. 46).

Þó að Jónas hafi lýst persónusögu sem heppilegri tegund fyrir börn er engin persóna nefnd á nafn í kaflanum um Tyrkjaránið ef frá er talinn Guðbrandur biskup sem aðeins þjónar því hlutverki að vera tímakrækja. Hins vegar eru nokkrar persónur taldar til sögunnar án þess að þær séu nafngreindar: Höfuðsmaður sem þótti „lítill garpur“, Íslenskur háseti á enskri fiskiduggu sem var þröngvað (ásamt öðrum) til að vísa leiðina að Vestmannaeyjum, „danski einokunarkaupmaðurinn“ sem tókst að flýja til lands „með hyski sínu“, „prestur eyjamanna“ og loks konungurinn sem ekki gat keypt fangana út „því að Danir höfðu þá orðið undir í styrjöld einni, og voru eigi aflögufærir“.

Þessi frásagnarháttur samræmist út af fyrir sig því markmiði Jónasar að forðast ágalla „ágripanna“ sem „eru eins konar beinagrind, þar sem vantar hold og líf. Nöfn á mönnum, dýrum, tímabilum og atburðum og annað ekki“ (Jónas Jónsson, 1916, formáli). Í þessum atburði er líklegt að Jónas hafi ekki séð neina persónu sem honum fannst vert að lyfta í hásæti þjóðhetju sem börn ættu að leggja á minnið. Hins vegar velur höfundurinn umsagnir sínar og orð um þátttakendurna af kostgæfni. Í stórum dráttum koma Íslendingar fram í heild sem fórnarlömb en þó er nokkur hugur í þeim: „Vildu Íslendingar þá greiða atlögu að víkingum ...“ Og í Vestmannaeyjum eru það „eyjarskeggjar“ sem „bjuggust til varnar við höfnina“ (ekki er sagt frá því að þau varnarviðbrögð voru undir forystu Dana). Andspænis þeim stendur „óaldarlýður“ sem kemur úr „ræningjabæli“, þjóð sem er „grimmlynd mjög og herská“ og býr við „annarlegt loftslag“. Dönsk stjórnmöld fá ekki beinlínis sökina en eru sýnd sem vanmáttug og kjarklaus: Höfuðsmaður á Bessastöðum undirbýr eigin flóttu í stað þess að leggja að ræningjunum (eins og Íslendingar vildu, segir Jónas), kaupmaður í Vestmannaeyjum bjargar eigin skinni en skeytir ekki um Íslendinga, konungurinn gat ekki keypt fangana út því hann hafði tapað styrjöld.

Stundum þræðir Jónas einstigi milli þess að taka afstöðu beinum orðum og að gefa hana í skyn með hugvitsamlegri hagræðingu á orðalagi. Þrjú dæmi skulu tekin:

1. Í frásögn Jónasar einkennist atlagan að Bessastöðum af sigri ræningjanna, dugleysi höfuðsmanns og djarfhug Íslendinga.—Færð hafa verið rök fyrir því gagnstæða, það er að höfuðsmaður hafi sýnt ráðkænsku og herstjórnarsnilld, Íslendingar farið offari og ræningjarnir farið sneypuför (Halldór Baldursson, 1996).— Í frásögn Jónasar segir að ræningjarnir hafi ætlað að ráðast að Bessastöðum „en njósnir bárust fyrir þeim, svo að höfuðsmaður fekk ráðrúm til að safna liði“. Höfuðsmaður fær hér ekki of mikinn heiður þar sem upplýsingarnar „bárust“ (hann aflaði þeirra ekki) og hann „fekk ráðrúm“ (en safnaði ekki liði). Eftir að skip ræningjanna strandaði voru þeir sigurvegarar í lýsingu Jónasar: „En ræningjarnir fluttu í næði fólk og farangur úr strandaða skipinu og yfir í hitt skipið og héldu síðan heimleiðis með herfangið“ (bls. 47). Ekkert er sagt um að árásinni hafi verið afstýrt.
2. Kaupmaðurinn í Eyjum náði í bát og tókst að komast til lands „en eigi varð Íslendingum slíkrar undankomu auðið“, skrifar Jónas (1916, bls. 48). Þarna er ábyrgð og sök skilin eftir í óvissu og lesandanum látið eftir að álykta út frá tóni og samhengi textans.

3. Jónasi tekst að losna við þakkarskuldb við konung og raunar að koma honum í skömm með því að aðgreina tvo atburði. Annars vegar segir hann frá von Eyja-prestsins um „að konungur mundi kaupa út fangana, en það varð þó eigi“. Nokkru seinna kemur sjálfstæð málsgrein: „Níu árum eftir að Tyrkjaránið var framið, voru rúmlega þrjátíu af föngunum leystir út, en eigi komust nema 27 af þeim til Íslands aftur.“ Hér er sannleikurinn á hálum ís því konungur (samkvæmt persónugervingu Jónasar) keypti sannanlega fanga út og það í tvígang (um seinni útkaupin gat Jónas að vísu ekki vitað). Höfundurinn viðurkennir að fangar „voru leystir út“ en hann kysir að blanda ekki konungsvaldinu við þann gjörning; þolmyndin hentar vel án geranda.

Í Tyrkjaránskafla Jónasar er lesandanum látið margt eftir. Þannig háttar út af fyrir sig um allan lestur, skilningurinn verður til í huga lesandans með því að textinn er umskráður (e. *encoded*), fléttaður saman á margvíslegan hátt og tengdur við fyrri þekkingu. Í lestrarfræðum er það stundum orðað svo á myndrænan hátt að lesskilningur (e. *reading comprehension*) felist í þrennu: Að lesa línurnar, að lesa milli línanna og að lesa út fyrir línurnar (Reichenberg, 2008, bls. 56–65). Hér er gerð tilraun til að greina að einhverju marki hvað lesa megir milli línanna í frásögn Jónasar og jafnvel út fyrir þær.

Tveir einstaklingar fá fremur neikvæða stöðu í frásögninni, annars vegar „danskur herfangi í Algier“ sem benti ræningjunum á „þessa veiði“, það er að ræna á Íslandi. Jónas slær að vísu varnarnagla: „... er mælt, að danskur herfangi ...“ Hins vegar er það Íslendingurinn sem var á enska skipinu skammt frá Vestmannaeyjum. Fyrsta kastið sleppur hann fyrir horn því „[v]íkingarnir þröngvuðu fiskimönnum þessum til að vísa sér leið að Vestmannaeyjum“. Ábyrgðin dreifist á allan sjómannahópinn og athöfnin er þvinguð. En þegar ekki reynist árennilegt að leggja að höfninni vegna varna verður Íslendingurinn gerandi án þess að þvingun sé nefnd: „En hinn íslenski leiðsögumaður benti Tyrkjum á óvanalegan lendingarstað.“ Hver er almenni boðskapurinn með þessu? Að jafnvel meðal samstæðrar íslenskrar þjóðar leynist einstaklingar sem bregðast? Þetta segir Jónas ekki berum orðum.

Á eftir kaflanum um Tyrkjaránið koma tveir kaflar þar sem persónusagan blómstrar, annar um Brynjólf biskup, hinn um Hallgrím Pétursson. Þar birtist loks nafngreind persóna úr Tyrkjaráninu, „kona nokkur, er Guðríður hét, Símonardóttir“. Hjúskaparbrot hennar og Hallgríms er ekki á dagskrá heldur sagt að hún hefði að vísu verið gift en „nú var maður hennar sagður látinn. Hallgrímur lagði hug á ekkju þessa ...“ Enginn blettur fellur þannig á Hallgrím en um Guðríði segir ekki margt, aðeins að hún hafi verið hernumin.

Kaflinn um Tyrkjaránið í kennslubók Jónasar frá Hriflu er tilfinningaþrunginn og frásagan er heilsteypt. Greina má nokkur stíleinkenni.

- Engin álitamál trufla flæði frásagnarinnar.
- Fátt er um hliðarsögur sem dreifa athyglinni frá meginþræðinum.
- Tölur eru jafnaðar út til að áherslan festist ekki við þær („liðuga hundrað menn ... nær 400 mönnum“).
- Setningarnar eru ekki halaklipptar og andstuttar eins og verða vill í kennslubókum heldur eru þær mislangar. Upphafið og endirinn eru af styttri gerðinni, skýrar og afmarkaðar, en þegar hraði eykst í atburðarásinni lengjast setningarnar (sjá dæmi af Vestmannaeyjum hér að neðan).
- Orðanotkun er ekki sérfræðileg heldur minnir hún frekar á skáldskap enda vildi Jónas að bókina mætti einnig nota sem „lesbók“ (Jónas Jónsson, 1916, formáli). Þó eru stundum notuð sjaldgæf, áhrifamikil orð og sagnorð í meira mæli en ein-

kennir kennslubækur að jafnaði, myndhvörf og líkingar úr bændasamfélaginu (Sandqvist, 1999, bls. 159).

Gott dæmi um hið síðasttalda er lýsingin á ráninu í Vestmannaeyjum:

Sumir hlupu í bergið eða hella og jarðholur, en flestir urðu á vegi ræningjanna, og var þeim sópað sem fjárhóp til réttar, niður að dönsku verslunarhúsunum og fólkið byrgt þar inni. Konur, börn og gamalmenni, sem eigi gat gengið eins hart og ræningjarnir, var barið, limlest, svívirt, drepð og saxað í smástykki. (Jónas Jónsson, 1916, bls. 48)

Jónas frá Hriflu vonaðist til að vekja löngun hjá börnum til frekari lestrar og fróðleiksleitar. Hvötin átti væntanlega að vera sú að textinn væri svo lipur og spennandi að börnin langaði í meira. Tilgangur Jónasar var sennilega ekki að vekja til umhugsunar og gagnrýni því stíllinn á bókinni var einræðunnar en ekki samtalsins. Jónas hefur vafalítið álitð að börn „2–3 síðustu árin fyrir fermingu“ hefðu ekki þroska til gagnrýnnar hugsunar enda taldi hann það bíða næsta skólastigs: „Þeir sem nema sögu í stærri skólum, eftir fermingaráldur, fá þar yfirlit og samhengi í söguna og dýpri skilning á viðburðunum“ (1916, formáli). Kennsla Jónasar var einnig í einræðustíl, segir einn af nemendum hans úr Samvinnuskólanum á árum seinni heimsstyrjaldar (Jónas Pálsson, 1985). Sjálf ber kennslubókin merki kennslustunda með mörgum köflum af svipaðri lengd enda varð efni hennar til í æfingakennslu Kennaraskólans sem hann sá um snemma á ferli sínum. Jónas sagði börnunum sögur og skrifaði þær síðan niður (Jónas Jónsson, 1915, bls. 174).

Jónas frá Hriflu ætlaði sögukennslunni tvenns konar hlutverk, annars vegar að vekja áhuga og tendra hugina og hins vegar að sundurgreina og útskýra. Jónas treysti því ekki að nemendur ættu aðgang að kennara sem færi á flug með nemendum í lifandi frásögnum og því tók hann það hlutverk að sér í kennslubók sinni. Hún átti að heilla lesendur sína með frásögn sinni en kennarinn átti að sjá um að útskýra tímabilaskiptingu ártöl, mannanöfn og fleira „að því leyti, sem þroski nemenda leyfir“.

Íslandssaga Jónasar frá Hriflu var heillandi lesning fyrir marga lesendur og vitnar Gunnar Karlsson sagnfræðingur um það:

Ég get enn rifjað upp að hetjusögur Jónasar gengu vel í mig, sveitrastrák í barnaskóla á árunum 1949–53. Þær eru líklega eina kennslubókin í sögu sem hefur vakið með mér einhvern raunverulegan áhuga á efninu, ekki bara á því að kunna efnið á prófi (Gunnar Karlsson, 1992, bls. 21).

Textar Jónasar og Jóns Aðils eru af því tagi sem Gunnar Karlsson kallar „vekjandi“ og leggur þar út af kenningum þýska sögufræðingsins Wolfgang Klafki en hann nefnir slíka texta klassíska (Gunnar Karlsson, 1992, bls. 15). Þessir textar eru þó ekki vekjandi einungis af því að höfundarnir séu góðir sögumenn og skemmtikraftar heldur vegna þess að þeir eru drifnir áfram af heildstæðum boðskap sem gefur þeim byr undir báða vængi, það er þjóðernishyggjunni. Frásagnarhátturinn verður trauðlega skilinn frá þjóðernisboðskapnum. Þetta á við um kennslubækur Jónasar jafnt sem Jóns Aðils. Jóni Árna Friðjónssyni sagnfræðingi og sögukennara þykir Íslandssaga Jóns Aðils vera „innblásin af þjóðlegri framfarahyggju og bjartsýni“ en þó um leið innihalda „vafasamar kenningar, óbilgjarna þjóðernishyggju og allt að því ófyrirleitna notkun á þjóðsagnaefni til að styðja hin þjóðlega málstað“ (Jón Árne Friðjónsson, 2013, bls. 146). Íslandssaga Jónasar stendur í goðsagnakenndum ljóma og hefur verið viðmið sem oft er borið saman við. Þegar deilur um samfélagsfræði í grunnskóla stóðu sem hæst veturinn 1983–1984 var kennslubók hans enn í notkun í ýmsum skólum og nánast allir sem tóku þátt í deilunum höfðu numið hana í barnaskóla. Í heimildasafni sem Loftur Guttormsson tók saman af þessum deilum

(sem fengu snemma heitið „sögukennsluskammdegið“) er Jónas frá Hriflu (sem þá var látinn) og Íslandssaga hans nefnd álíka oft til sögunnar og helstu þátttakendur í deilunum (Lofur Guttormsson, 2013). Sumir reyndu að greina frásagnarháttinn frá þjóðernisintakinu en reyndist það býsna erfitt.

Varðandi kennslutexta Jóns Aðils og þó einkum Jónasar frá Hriflu eru þrjú atriði tengd en má þó fjalla um hvert fyrir sig. Í fyrsta lagi er það frásagnarhátturinn sem margir hafa lofsungið eins og hér hefur komið fram. Í öðru lagi er það boðskapurinn sem líklegt er að hafi haft talsverð áhrif á söguskoðun landsmanna um langt árabil. Þetta tvennt er samtvinnað eins og áður segir.

Í þriðja lagi má kanna nákvæmni og sannsögli um einstök atriði í textanum. Hér skulu athuguð nokkur atriði í kaflanum um Tyrkjaránið, til viðbótar við það sem þegar hefur komið fram.

- Jónas kallar ránsmennina „tyrkneska víkinga“. Lesandinn þarf hér að leggja merkingu í orðið víkingur, líklega sem ofbeldismaður, vígamaður eða ótíndur sjóræningi. Um leið er fólgin vísun í orðinu til norrænna miðalda. Þessi orðanotkun á sér fyrirmynd í Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá frá 1643 en hún er jafnumdeilanleg og misvísandi fyrir það. Tyrkjaheitið er einnig varasamt í samhengi skólakennslubókar. Það var almennt haft um múslíma á tímum Tyrkjaránsins en var orðið misvísandi þegar kennslubókin kom út. Bæði heitin, Tyrki og víkingur, hafa orðið viðskila við uppruna sinn og kennarinn þarf að hjálpa nemendum sínum að átta sig á kvikri merkingu þeirra.
- Ránsmennirnir eru allir sagðir vera frá Algeirsborg en sú ónákvæmni er líklega sú algengasta í Tyrkjaránsfrásögnum allt til þessa dags. Íðulega skiptir þetta ekki máli en getur haft þýðingu í sumu samhengi. Nákvæmni um smáatriði hefur lengi verið ein af höfuðdyggðum sagnfræðinnar. Jónas fríaði sig raunar ábyrgð í formála endurútgáfu bókarinnar árið 1966: „... ég var ekki sagnfræðingur, heldur kennari.“
- Víkingarnir sigldu norður frá Algeirsborg á „allmörgum skipum“, skrifar Jónas, en skiptu sér síðan í tvo flokka þar sem annar stefndi á Reykjanes en hinn á Austfirði. Þetta fyrirkomulag er ekki staðfest í elstu frásögnum en „samsærið“ verður óneitanlega myndrænna og áhrifaríkara með þessari lýsingu en vangaveltum um óvissuþætti.
- Í Algier var ræningjabæli, skrifar Jónas og bætir við: „Þjóðin var Múhamedstrúar, grimmynd mjög og herská.“ Hér býr Jónas til eina þjóð úr íbúum Algeirsborgar sem var einhver fjölþjóðlegasti staður í veröldinni. Þetta þjóðar þjóðernislíkaninu sem verið var að slípa um þessar mundir. Sagan átti að fjalla um þjóðir sem takast á sem lífrænar heildir (sjá greiningu Sigríðar Matthíasdóttur).
- Jónas skrifar að Evrópumenn hafi ekki haft mörg önnur ráð við þessum „óaldarlýð“ en að „blíðka ræningjana með stöðugum féggjöfum“ (Jónas Jónsson, 1916, bls. 47). Þetta á við um seinni hluta 18. aldar en í miklu minna mæli um 17. öld.
- „Prestur eyjamanna“ var handtekinn, segir Jónas. Prestarnir voru tveir en höfundurinn hefur hugsanlega kosið að einfalda málið með því að tala ekki um Jón Þorsteinsson píslarvott. Var víg hans of ljótt til að segja börnum frá því?

Staðreyndavillur eru ekki fleiri í frásögn Jónasar en gengur og gerist í frásögnum um Tyrkjaránið. Hagræðing, hliðrun, hálf sögur og þögn eru veigameiri þættir í frásögninni.

Þegar litið er á heildina í stuttum kafla Jónasar um Tyrkjaránið kemur upp mynd af þrí-skiptingu þátttakendanna: grimmlyndum ræningjum, kúguðum Íslendingum (þó með vissa sjálfsbjargarviðleitni) og dáðlausum Dönum (með „hyski sínu“). Lesandanum/barninu gefst færi á að samsama sig „sínu“ fólki og greina sig frá grimmum óaldarlýð og duglausum Dönum.

Sögukennslubók Jónasar er orðlögð fyrir Danahatur. Í norrænu átaki sem gert var á millistríðsárunum til að draga úr þjóðafordómum í kennslubókum fékk hún bágð hjá dönskum rannsakendum, að vísu án þess að hún eða höfundurinn væru nafngreind. Talað var um „kennslubók sem prentuð var 1937“ og þar er greinilega átt við Íslandssögu Jónasar í þriðju útgáfu. Sitthvað þótti athugavert við einstök atriði en einnig almennt:

Beiskjan kemur fram, að mati Dananna, á einkar hatramman hátt bæði í málum sem varða mál eða menningu og eins efnahagsmál og stjórnmál.

Bitterheten finner också, efter dansk uppfattning, synnerligen hetsiga uttryck i både språkligt-kulturella och ekonomiskt-politiska ting. (Carlgren, 1945, bls. 27).

Danski sendiherrann á Íslandi á árunum 1949–1956, Bodil Begtrup, gerði tilraun til að ná fram breytingu á þessu viðhorfi í samtölum og bréfaskiptum við íslenska og danska stjórn-málamenn, kennara og sagnfræðinga (Svavar Jósefsson, 2004). Málið var rætt meðal skólafólks, til dæmis á skólastjóramóti gagnfræðaskólanna þar sem samþykkt var ályktun um að nauðsynlegt væri að fá nýjar kennslubækur í sögu (bls. 38). Jónas varð móðgaður yfir gagnrýni á afstöðuna til Dana í kennslubókum hans (bls. 40). Hann varði sig í eftir-mála fyrir síðustu útgáfu af Íslandssögunni sem kom árið 1966 og í fyrsta sinn með teikn-ingum og ljósmyndum.

Sumir erlendir kennarar töldu bókina of íslenzka, allur andi frásagnarinnar væri eggjandi í skilnaðarátt. En þessu varð ekki breytt.

Aldamótakynslóðin var bjartsýn. Kunni bæði að meta frelsi og óttast erlenda yfirdrottnun. Forfeður og formæður sögðu sína sögu. Fram undan var frelsi í fögru landi og auðugu. Þessi litla bók hafði orðið til vegna tilmæla skólabarna. Þau hafa sýnt henni tryggð á langri vegferð. Nú kemur bókinn skrúðbúin til sinna raunverulegu höfunda og verndara.


Fram undan eru tímamót í uppeldi Íslendinga. Munu þá ekki íslenzk skólabörn biðja valdamenn þjóðarinnar um leiðarljós sögunnar frá þúsund ára reynslu fólksins, sem byggt hefur landið? (Jónas Jónsson, 1968, bls. 174–175).ⁱ

Varnarræða Jónasar er snjöll. Hann malar upp andstæður og beitir því sem kallað hefur verið í síðnýlenduorðræðu (e. *post-colonial discourse*) „otherness“, þ.e. að skilgreina með beinum og óbeinum hætti hver „við“ erum, andstætt „hinum“ (Nils Andersson, 2010). Í þessu tilviki býr hann til tvo andstæða hópa þar sem annar er „okkar“ hópur. Í honum eru fyrst og fremst skólabörn en einnig forfeður og formæður og aldamótakynslóðin. Þessi hópur býr í fögru og auðugu landi og ann frelsi en óttast erlenda yfirdrottnun. Í hinum hópnum eru „[s]umir erlendir kennarar“. Kennslubók Jónasar er samofin fyrri hópnum sem er í raun höfundur hennar og verndari. Á milli standa „valdamenn þjóðarinnar“ (sem Jónas taldist ekki lengur til þegar hér var komið sögu, árið 1966) sem Jónas eggjar, í nafni skólabarnanna, til að fylgja leiðarljósi sögunnar. Það ljós hafði Jónas kveikt í byrjun aldar og væri e.t.v. nær sanni að kalla það „leiðarljós Jónasar um söguna“.

Andúðin á „erlendri yfirdrottnun“, og einkum í líki danskra stjórnvalda og kaupmanna, í Íslandssögu Jónasar var lóð á vogarskálina til að flýta sambandsslitum við Danmörku. Þetta kom fram í endurminningum Bodil Begtrup (1986) og höfundurinn tekur undir þau

sjónarmið með óbeinum hætti í eftirmálanum sem áður er vitnað til. Hann mótmælir þar ekki að „allur andi frásagnarinnar væri eggjandi í skilnaðarátt“, þvert á móti: „Þessu varð ekki breytt“ (Jónas Jónsson, 1968, bls. 174).

Ætla mátti að öfgafull þjóðernishyggja og Danaandúð hefði orðið tímaskekkja þegar leið á 20. öld, fullveldi var fengið, lýðveldi stofnað og handritin á heimleið. Þær raddir heyrðust vissulega en sá grunur læðist að rannsakanum að einhver hljómgrunnur hljóti að hafa verið fyrir hendi úr því að kennslubókin var svo lífseig og var meira að segja skrydd í há-tíðarbúning með myndskreytingum eftir Halldór Pétursson árið 1968 (*Mynd 2*). Margir urðu til að kasta spreki á þjóðerniseldinn. Íslandsklukka Halldórs Laxness, áhrifamikið og glæsilegt skáldverk sem út kom á stríðsárunum, sýndi Ísland sem fórnarlamb erlendra afla á 17. og 18. öld en auðvelt var að sjá vísanirnar til samtímans (Gustafsson, 2014). Í tilefni lýðveldisstofnunar var til dæmis haldin mikil sögusýning í Menntaskólanum í Reykjavík og af sýningarskránni er ljóst að þar er sögusýn Jónasar frá Hríflu í fullu gildi með gullaldar- og hnignunarkenninguna í öndvegi. Tyrkjaránið á sinn stað á tímabili sem kennt var við niðurlægingu á sýningunni. Hinn framsækni málari Þorvaldur Skúlason var fenginn til að leggja út af ráninu í málverki og skilaði hann af sér hálfköruðu en drama-tísku verki í anda Guernicu Picassos sem ekki var fráleit hliðstæða (*Frelsi og menning*, 1944; Þorsteinn Helgason, 2003). Lýðveldi var stofnað með yfirgnæfandi stuðningi í þjóðaratkvæðagreiðslu meðan danska konungsvaldið leið undir þýsku hernámi. Efa-semdaraddir svokallaðra lögskilnaðarmanna voru þaggaðar niður. Þjóðernisgæslan efl-dist einnig með deilum um bandarísku herstöðina eftir stríð og deilur við Breta um fiskveiði-lögsöguna. Tónninn frá Hríflu-Jónasi fann því líklega samhljóm í tortryggni út í „erlenda



Mynd 2 – Íslandssaga Jónasar Jónssonar var margsinnis endurprentuð með svo til óbreyttum texta frá frumútgáfunni. Árið 1968 birtist hún fyrst með sérteiknuðum myndum eftir Halldór Pétursson og hér er teikning af ráninu í Vestmannaeyjum. Hugmyndin stenst ekki fullkomlega miðað við staðhætti og frásagnir af ráninu en er þó vel hugsað sjónarhorn.

yfirdrottun“. Gagnrýnin og ítarleg rannsókn á íslenskri þjóðernisstefnu 19. og 20. aldar hófst ekki fyrr en undir 1990 og hefur verið stunduð af mestum krafti í upphafi 21. aldar. Hún hefur staðfest að þjóðernisvitund hefur verið máttugt afl í íslenskum stjórnmálum og þjóðlífi til síðustu ára.

Endurbætur án uppstokkunar

Gagnrýninni á kennslubók Jónasar Jónssonar frá Hríflu var svarað með glæsiútgáfu á verkinu 1967–1968, án nokkurrar endurskoðunar. Líklega má einnig líta á aðra kennslubók sem andsvar af öðru tagi en hún kom út um líkt leyti (Þórleifur Bjarnason, 1968). Höfundur hennar var Þórleifur Bjarnason, kennari og skólamaður, en hann skrifaði einnig minningar sínar og þjóðhátalýsingar frá Hornströndum. Í kennslubókinni sér slíkra lýsinga þó lítið stað því hún er að mörgu leyti eftirmynd síns fræga forvera, Íslandssögu Jónasar og heitir einnig einfaldlega *Íslandssaga*. Efnisval og skipulag er í stórum dráttum það sama og þar með þjóðernislíkanið þó að verulega sé dregið úr Danaandúðinni í textanum. Efnið fylgir tímaröð býsna nákvæmlega og kemur Tyrkjaránið á „réttum“ stað á 17. öld, næst á eftir kafla um einokunarverslunina, og fær að enda fyrra hefti Íslands-sögunnar. Fyrirsögnin er blátt áfram: „Tyrkjaránið 1627.“ Textann má einnig kalla blátt áfram og það merkir í þessu tilviki ópersónulegur, stefnulítill og þurrlegur: „Ekki var ótítt, að erlendir sjómenn færu með óspektum og ránum hér við land.“ Gerð er þó tilraun til að setja Tyrkjaránið í samhengi við aðra atburði samtímans og eru spænskir hvalveiðimenn nefndir sem dæmi. Um þá segir stutt og laggott: „Kom stundum til vopnaviðskipta milli þeirra og landsmanna“ (Þórleifur Bjarnason, 1968, bls. 127). Ekki segir hvers vegna svo var. Síðan fylgir stutt lýsing á ráninu og höfundurinn tekur fram að ræningjarnir hafi ekki verið Tyrkir heldur Arabar. Þessi skýring er til lítilla bóta vegna þess í fyrsta lagi að hún er röng og í öðru lagi skilur hún lesandann eftir með ósvaraða spurningu: Af hverju er það þá kallað Tyrkjarán?

Setningar og efnisgreinar eru stuttar og lýsir það líkast til vilja til að semja læsilegan texta fyrir börn eins og hvatt hafði verið til (Ársæll Sigurðsson, 1941). Kaflinn er aðeins rúm blaðsíða en skiptist í fimm efnisgreinar. Orðafjöldinn í efnisgreininum er þessi: 48-75-61-16-34, meðaltalið er 46,8 orð. Þetta má bera saman við niðurstöður úr rannsókn Carinar Sandqvist á efnisgreinum í sænskum kennslubókum í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla á 20. öld, annars vegar á sjötta áratugnum og hins vegar á níunda áratugnum. Orðunum fækkaði með tímanum: 69,6 (grunnskóli) og 85,7 (framhaldsskóli) á fyrra tímabilinu, 48,8 og 35,7 á því seinna (Sandqvist, 1999). Kafla Þórleifs er nær seinna tímabilinu í lengd efnisgreina og örlitlu knappari en meðaltalið í sænskum kennslubókum árið 1974.

Setningarnar (málgreinar) eru styttri en í sænsku kennslubókunum sem rannsakaðar voru, 10,5 orð samanborið við 11,6 sem er lægsta talan í rannsókn Sundqvist (í grunnskólabókum á níunda áratugnum en 15,3 hæsta talan, í framhaldsskólabók frá sjötta áratugnum). Knappar og sundurslitnar setningarnar henta ekki vel til að láta frásögn af illum tíðindum flæða áfram:

Fólkið var varnarlaust og grimmd ræningjanna skefjalaus. Þeir ráku fólk eins og fénað niður til strandarinnar. Þá, sem reyndu að flýja, eltu þeir uppi. Alls líflétu þeir og rændu hér um 400 manns (Þórleifur Bjarnason, 1968, bls. 128).

Hér er röð fullyrðinga án skýringa og orsakasamhengis eða annarra tenginga sem auka samloðun (e. *cohesion*) textans. Þetta torveldar lestur og lesskilning, eins og fram hefur komið í rannsóknum, til dæmis hjá Monicu Reichenberg sem prófaði að breyta slíkum textum og gefa þeim meiri tengingar og samhengi. Lesskilningur varð betri hjá þeim nemendum sem fengu endurbættu textana en samanburðarhópum sem lásu uppruna-

textana (Reichenberg, 2000). Vandí Þórleifs virðist vera sá að hann hefur ætlað sér að halda miklu upplýsingamagni en skerða textann verulega miðað við fyrirmyndina, kennslubók Jónasar. Þjóðernisákafinn og Danaandúðin eru ekki lengur drifkraftur frásagnarinnar. „Íslandssaga hans [Þórleifs] er víðast eins og bragðdauf uppsuða úr bók Jónasar. Spennan er horfin“ (Gunnar Karlsson, 1992, bls. 27).


Árangurinn verður eins og útdráttur einstakra atriða og niðurstaðna úr öðrum texta, megintexta. Vandinn er hins vegar sá að útdrátturinn er megintexti. Í þessari gerð verða fullyrðingarnar afdráttarlausar og standast illa gagnrýni (sem nemendur hafa þó fremur litlar forsendur til að setja fram hjálparlaust). Var grimmd ræningjanna „skefjalaus“? Almenn fullyrðing af þessu tagi, ef tekin er bókstaflega, stenst varla. Grimmd er aldrei skefjalaus, hún hefur takmarkanir. Auk þess segja bæði Ólafur Egilsson og Björn á Skarðsá, sagnaritarar ránsins á 17. öld, frá mismunandi grimmd og jafnvel dæmum af tillitssemi. Grimmdin var mest í Vestmannaeyjum, að mati þeirra. Hana þarf einnig að meta í samanburði við aðrar hernaðaraðgerðir á svipuðum tíma og þá getur komið í ljós að grimmdin hafi verið minni en víða annars staðar enda var tilgangur ferðarinnar að ná fólki heilu á húfi. Þannig mætti halda áfram með fullyrðingarnar og spyrja til dæmis: Var fólkið *fullkomlega* varnarlaust? Eltu ræningjarnir uppi *alla* þá sem reyndu að flýja? Svörin verða neitandi en eru gagnslítill án nánari skýringa.

Kaflinn gefur litla möguleika á innlifun í efnið en hugsanlegt er að myndin, sem fylgir, greiði leiðina að einhverju leyti (*Mynd 3*). Þórleifi má telja til tekna að hann reynir að setja atburðinn í samhengi við tímann bæði á undan og eftir. Annars vegar er það með því að tengja Tyrkjaránið við árekstra við erlenda sjómenn (eins og áður sagði), hins vegar með því að lýsa ótta manna við framandi segl á hafi sem var viðloðandi lengi á eftir ráninu, allt fram á 19. öld, segir Þórleifur. Tyrkjaránið er þannig orðið „menningararfur“ og þáttur í sameiginlegu minni.



Mynd 3 – Teikning Prastar Magnússonar í Íslandssögu Þórleifs Bjarnasonar.

Tyrkjaránið sem (trámatískur) menningararfur og þjóðminning hafði birst nokkrum árum áður en kennslubók Þórleifs kom út. Það var í hefti með skýrt afmörkuðum köflum, stuttum textum og stórum myndum. Þetta var eins konar inngangur að Íslandssögu fyrir yngstu lesendur og kom til móts við þann hóp með heiti sínu: *Sagan okkar* (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1960). Á kápunni eru teiknaðar myndir af tveim tǫningum, pilti og stúlku, klæddum eftir tísku síns tíma. Nokkrir mismunandi einlitir einkenna bókina og var það nokkur nýjung. Höfundarnir voru þrír Hafnfirðingar, Ólafur Kristjánsson, sem þegar hafði



Mynd 4 – Blaðsíða í kennslubókinni *Sagan okkar* sem kom út árið 1960.

samið mannkynssögu og fleiri rit, Vilbergur Júlíusson, barnabókahöfundur og kennari, og Bjarni Jónsson teiknari sem hafði lag á að teikna dramatískar myndir þó að anatómían væri ekki alltaf kórrétt. Tyrkjaránið fær eina síðu af áttatíu í bókinni. Textinn er lítill og teikningin umlykur hann á tvo vegu. Hér skjóta sjóræningjar með eyrnalokka á flóttafólk í klettum Vestmannaeyja. Blaðsíðan er til þess fallin að festast í minni ungra barna og er ef til vill fánýtt að fetta fingur út í rangfærslur og hæpnar staðhæfingar í texta og mynd. Í raun er ekki nema ein fullyrðing í textanum sem segja má með sannni að sé röng, nefnilega að ræningjarnir hafi allir komið frá Alsír. Þetta er þó ekki „frumleg“ rangfærsla því hún er algeng fyrr og síðar eins og áður hefur komið fram. Fremur má fetta fingur út í hálfkveðnar vísur sem skilja lesandann eftir með óleystar ráðgátur: Íslendingar kölluðu ræningjana frá Alsír *Tyrki* (hvers vegna?), þeir rændu í Vestmannaeyjum og víðar (um allt land?), *fáeinir* voru keyptir lausir (hve margir? fáeinir miðað við hvað?).

Ef Tyrkjaránsfrásögnin í máli og mynd í *Sögunni okkar* er skoðuð í ljósi samtíma síns má sjá skuggalega araba sem eru múslímar (af einhverjum ástæðum kallaðir Tyrkir) berjast við okkar menn (*Mynd 4*). Rökrétt og tilfinningalegt framhald af þessu væri að lesandinn samsamaði sig til dæmis Frökkum í Alsírstríðinu (1954–1962) og Ísraelsmönnum í átökum þeirra við Palestínumenn. Fortíðarviðburðir lifa ekki sjálfstæðu lífi í huga lesanda án tengsla við aðra atburði í fortíð og nútíð.

Hlutverk og rými myndanna í þessari kennslubók er mikið og frumlegt, í samtali við textann, og mætti vera fyrirmynd að fleiri slíkum.

Tyrkjaránið og formgerðirnar

Eins og áður sagði hélt kennslubók Jónasar frá Hriflu stöðu sinni í barnafræðslunni í 70–80 ár og námsbók Jóns Aðils var víða notuð í framhaldsskólum í hálfa öld. Við hina síðartöldu var þó til valkostur, sem kom fyrst út 1930 og í síðustu endurútgáfu árið 1958. Hún nefndist *Íslendingasaga* og var eftir Arnór Sigurjónsson (*Mynd 5*) sem var kennari af líf og sál, brennandi áhugamaður um lýðskóla á Íslandi, og einkum í heimasveit sinni í Þingeyjarsýslu, rannsakaði og skrifaði margt um sögu landsins, einkum hagsögu og hugmyndasögu (Gísli T. Guðmundsson, 1963). Í þessari bók er meira af því „yfirliti og kerfi“ sem Jónas frá Hriflu taldi ekki á áhugasviði ungra barna enda skrifaði Arnór fyrir eldri nemendur. Arnór sneri markmiðum Jónasar við því kennslubók hans átti að vera „yfirlit, ekki frásagnir“. Hlutverk hennar var það sem erfiðast er í kennslu, sagði Arnór, „yfirlitið, skilningurinn á samhengi atburðanna, á örlögum þjóðarinnar, kjörum og menningu“. Kennarinn átti hins vegar að „hýrga það yfirlit og gefa því svip af lifanda lífi með frásögnum og mannlýsingum“ (Arnór Sigurjónsson, 1930, bls. 5).

Í samræmi við þetta er bók Arnórs í föstum skorðum. Fjórði meginkaflinn hefur fyrirsögnina *Konungsveldi 1550–1874* og markar þannig tímamót frá siðskiptum til stjórnskrárinna. Fyrstu fimm undirkaflar bera þessi heiti: 1. *Vöxtur konungsvaldsins*, 2. *Þjóðarhagur. Höfðingjaættir*, 3. *Guðbrandur Þorláksson og lúterska kirkjan*, 4. *Bókmenntavakning*, 5. *Svarti galdur*. Í þessu skipulagi geta verið vandkvæði á að koma atburði á borð við Tyrkjaránið fyrir enda fær það ekki sjálfstæða umfjöllun. Það er hins vegar nefnt á tveim stöðum í kafla um bókmenntir, í fyrra skiptið þar sem fjallað er um sálma og Hallgrímur Pétursson fær að sjálfsögðu rými. Þar er sagt frá því þegar honum var falið að leiðbeina leysingjunum sem komu frá Algeirsborg eftir langa ferð, með afleiðingum sem þekktar eru. Í næsta undirkafla bókmenntanna ritar Arnór um sagnaritun og Tyrkjaránið er nefnt til sögunnar sem umfjöllunarefni. Að áliti hans orkuðu atburðir siðskiptanna svo sterkt á samtímann að sagnaritun hófst að nýju á fyrri hluta 17. aldar. Tyrkjaránið var af sama tagi, segir Arnór. Hér örlar á þeirri hugsun að atburðir hafi sjálfstæðan kraft og geti haft áhrif á framvindu sögunnar (Arnór Sigurjónsson, 1930, bls. 252–253). Um þessar mundir var áhersla á



Mynd 5 – Þó að Arnór Sigurjónsson væri ekki viss um að kennslubók hans hentaði annars staðar en í kennslu hans sjálfs hefur þetta eintak, varðveitt á Bókasafni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, að minnsta kosti verið notað í Menntaskólanum að Laugarvatni um skeið.

formgerðir að aukast og með þeirri áherslu voru einstakir atburður gárur á yfirborðinu en þungir undirstraumar áhugaverðari. Tyrkaránið var auk þess harla samhengislaust í íslenskri sögu og því ekki sjálfgefið að gefa því mikilvægan stað í sögurituninni.

Þegar norrænar fagnefndir fóru í saumana á sögukennslubókum upp úr 1930, eins og áður er nefnt (Elmersjö, 2013), undraðist norska nefndin að ekki væru nema þrjár Íslands-sögur og ein mannkynssaga sendar í athugun. Fleiri var raunar ekki um að ræða. Úrvalið var vissulega lítið en ef beitt er höfðatölu- og hlutfallsreikningi var fjöldinn ekki minni en annars staðar. Á hinn bóginn hafði norska nefndin velpóknun á kennslubók Arnórs Sigurjónssonar:

Ein er sú bók, sem tekur öllum öðrum fram bæði að sagnfræðilegum skilningi og nýjum aðföngum í sögukennsluna, hagsögulegum og almennum, svo að kennslubókarhöfundar í öðrum löndum geta lært mikið af henni. Þessi bók er miklu rækilegri en aðrar og dregur meiri lærdóm af því, sem var að gerast annars staðar í heiminum og einnig á Norðurlöndum.

Ei einskind bok avlyfter sig høgt over dei andre bøkene i historisk tenkning, og fører mykje nytt tilfang inn i historie-opplæringa, både av økonomisk og av åndelig historie, so lærebokskrivarar i andre land kan lære mykje av ho. Ho er no mykje utførlegare og enn dei andre, og meir enn dei viser ho ut til fyresetningar utanlands, derunder norderlensk historie. (Tilv. hjá Lindmark, 2006)ⁱⁱ

Í kennslubók, sem ekki vildi vera upptalning og annáll heldur sýna heildstæðar formgerðir og taka mið af erlendum forsendum þess sem gerðist á Íslandi, var ekki rými fyrir Tyrkja-

ránið nema þar sem það féll augljóslega inn í þessar formgerðir. Forsendur, sem rekja þurfti til Norður-Afríku og aðstæðna í samanlagðri Vestur-Evrópu, voru enn sem komið var of langsóttar.

Niðurstaða og framhald

Hér hefur verið rakið hvernig umfjöllun um Tyrkjaránið hefur verið ómissandi í flestum kennslubókum í sögu fyrir almenningsfræðsluna frá þeirri fyrstu sem kom út 1880 og fram undir 1970. Hún var talinn hluti af því sameiginlega minni sem íslensk börn og ungmenni ættu að tileinka sér. Á þessu tímabili voru sameiginlegt minni og sagnfræði í meira nábýli en síðar varð. Þó örlar á aðgreiningu á fyrra skeiði í kennslubók Arnórs Sigurjónsson sem fylgdi föstum formgerðum og hlaut lof hjá norrænum sagnfræðingum fyrir. Í framsetningu hans var ekki rými fyrir sjálfstæðan kafla um þennan „truflandi“ kafla í framvindu sögunnar.

Sameiginlega minningin fékk snemma á sig þjóðernislega mynd en þessi framsetning náði mestum hæðum í Íslandssögu Jónasar Jónssonar frá Hriflu sem einnig varð langlífust kennslubóka. Ekki er þó hægt að segja að útlekking Tyrkjaránsins sé á eina lund og stafar það vafalaust af flókinni gerð þess. Víða snerist umfjöllunin og lærdómurinn af atburðunum um stöðu Íslands í danska ríkinu fremur en til dæmis stöðu vestræns og kristins ríkis gagnvart íslam. Þetta má bera saman við niðurstöðu Sverris Jakobssonar um öðru vísi sjálfsmýnd þeirra sem rituðu um Ísland og umheiminn á 14. öld: „Þeir litu ekki fyrst og fremst á sig sem Íslendinga heldur ekki síður sem hluta af kristinni þjóð og sambandi kristinna manna um alla veröld“ (Sverrir Jakobsson, 2013, bls. 162). Þessi niðurstaða rímar við umfjöllunina um krossferðirnar í þýskum og frönskum kennslubókum sem sagt var frá, það er samevrópskur eða samkristinn atburður var á níttjándu öld látinn taka mið af einstökum þjóðum og löndum.

Tyrkjaránið varð þó einnig tilefni til annars konar spurninga í kennslubókunum og sumum tilvistarlegum: Um líf og dauða, um frið og ofbeldi, um heimahaga og framandi slóðir.

Eftir seinni heimsstyrjöld urðu allmiklar breytingar á menntamálum vestrænna þjóða, einnig á Íslandi. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika gekk uppbygging hratt fyrir sig eftir stríð og fólksfjölgun varð veruleg. Þrýst var á um lýðræðisumbætur og aðgang að menntun fyrir breiðari hóp. Á Íslandi voru sett ný fræðslulög í þessu skyni árið 1946 og framhalds-menntun opnaðist fyrir fleiri ungmönnum en áður. Fjölgun framhaldsskóla varð þó ekki veruleg fyrr en í lok sjöunda áratugarins (Helgi Skúli Kjartansson, 2008).

Samhliða auknu aðgengi og fjölgun skóla nývæddust kennsluhættir og vísindasýn. Sagan og aðrar greinar skyldar henni í grunnskóla voru sameinaðar á áttunda áratugnum undir heitinu samfélagsfræði og fengu samfélagslegt nútímahlutverk. Námskrá, námsefnisgerð og námskeiðahald var á hendi sömu stofnunar og persóna. Þessari heildstæðu stefnu var ekki fram haldið nema í áratug en hún setti engu að síður mark sitt á það sem á eftir kom. Sveiflur urðu í stefnu á Íslandi eins og víða í vestrænum löndum, milli fastrar stýringar í námskrá og frjálsræðis, milli áherslu á inntak eða vinnubrögð, milli áherslu á samfellt sögulegt yfirlit eða þemavinnu í afmörkuðum verkefnum. Nýjasta aðalnámskráin, frá 2012–2013, opnar hins vegar gáttir fyrir skóla, námsefnishöfunda og kennara að ákveða viðfangsefnin að miklu leyti. Kennslubækur skólastiganna í sögu hafa verið með ýmsu móti og má meðal annars kenna við síðþjóðernisstefnu, formgerðarhyggju og póst-modernisma.

Í næstu grein verður kannað hvernig Tyrkjaráninu reiddi af í þessum ólgusjó frá stríðslokum, hvort það hefur átt erindi í kennslubækurnar og í hvaða skyni. Jafnframt verða þræðir teknir saman og umfjöllun einstakra námsgagna borin skipulega saman.

Þessi rannsókn var að meginhluta unnin árið 2006 og kynnt á sænsku á Norræna sagnfræðipinginu sem haldið var í Reykjavík 2007 í málstofu sem ég veitti forstöðu og nefndist „Historia i läromedlen“ en rannsóknin féll undir verkefnið „Dramatiska händelser i ländernas historia“. Ég þakka félögum mínum á málstofunni og verkefninu og ég þakka stuðning frá Rannís og Jónshúsi. Þessi grein er allnokkuð breytt frá því sem hún var kynnt og birt 2007 og sem hluti af doktorsritgerð minni, *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins*, sem gefin var út í takmörkuðu upplagi af Hugvísindastofnun Háskóla Íslands 2013.

Heimildir

Andersson, N. (2010). Intercultural education and the representation of the other in history textbooks. Í Þorsteinn Helgason og Simone Lässig (ritstjórar), *Opening the mind or drawing boundaries? History texts in Nordic schools*. Göttingen: V&R unipress.

Arnór Sigurjónsson. (1930). *Íslendingasaga: Yfirlit handa skólum og alþýðu*. Akureyri: Prentsmiðja Odds Björnssonar.

Assmann, A. (2008). Transformations between history and memory. *Social Research*, 75(1), 49–72.

Ársæll Sigurðsson. (1941). Málfar á barnabókum. *Menntamál, tímarit um uppeldis- og skólamál*, 14, 70–79.

Begtrup, B. (1986). *Kvinde i et verdenssamfund: Erindringer af Bodil Begtrup*. Viby: Centrum.

Björn Þorsteinsson. (1980, 1. apríl). Arnór Sigurjónsson. Minning. *Þjóðviljinn*, bls. 6, 7 og 13.

Bogi Th. Melsteð. (1900). *Þættir úr Íslendinga sögu: Alþýðubók*. Kaupmannahöfn: Án útgefanda.

Bogi Th. Melsteð. (1903). *Íslendinga saga*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafjelag.

Bogi Th. Melsteð. (1904). *Stutt kenslubók í Íslendinga sögu handa byrjendum*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda.]

Bogi Th. Melsteð. (1910). *Sögukver handa börnum ásamt nokkrum ættjarðarljóðum og kvæðum*. Kaupmannahöfn: Án útgefanda.

Carlgren, W. (1945). *Nordens historia i nordiska skolor*. Nordens serie: 14. Stockholm: Föreningen Norden.

Hanne Krage Carlsen. (2011). Ísland og útlönd: Kennslubækur í Íslandssögu og viðhorf þeirra til útlanda (óútgefin bakkalárritgerð). Sótt af <http://skemman.is/item/view/1946/7270>

Determann, M. (2008). The crusades in Arab school textbooks. *Islam and Christian-Muslim Relations*, 19(2), 199–214.

Elmersjö, H. Å. (2013). *Norden, nationen och historien: Perspektiv på föningarna Nordens historieläroboksrevision 1919–1972*. Lund: Nordic Academic Press.

Frelsi og menning. Sýning úr frelsis- og menningarbaráttu Íslendinga í Menntaskólanum í Reykjavík. (1944, júní). Reykjavík: [Án útgefanda].

- Gísli T. Guðmundsson. (1963, 1. maí). Arnór Sigurjónsson ritstjóri, sjötugur. *Þjóðviljinn*, bls. 3.
- Guðlaugur Pálmi Magnússon. (2012). Kennarinn, sagan og gildin: Um þátt kennara og námsefnis í miðlun gilda í sögukennslu (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <http://skemman.is/item/view/1946/11464;jsessionid=D12C192FDAFD714121C393A85494ECA4>
- Guhe, I. A. (2013). Crusade narratives in French and German history textbooks, 1871–1914. *European Review of History: Revue Européenne d'histoire*, 20(3), 367–382.
- Gunnar Karlsson. (1992). *Að læra af sögu: Greinasafn um sögunám* (bls. 9–43). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Gustafsson, H. (2014). Att förhandla det förflutna: Historiebilden i Halldór Laxness Islands klocka och dess samtida reception. *Scandia: Tidskrift för historisk forskning*, 80(1), 11–38.
- Halldór Baldursson. (1996). Holger Rosenkrantz höfuðsmaður og atlaða Tyrkja að Seilunni 1627. *Landnám Ingólfs: Nýtt safn til sögu þess*, 5, 111–120.
- Halldór Briem. (1903). *Ágrip af Íslandssögu*. Reykjavík: Fjölsprensmiðjan.
- Heathorn, S. og Byrne, J. (2004). History, memory, and the representation of Britain's experience of strategic bombing in survey textbooks. *Paradigm: Journal of the Textbook Colloquium*, 2(8). Sótt af <http://faculty.ed.uiuc.edu/westbury/paradigm/vol2/heathorn.rtf>
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Ísland eftirstríðsáranna. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi*, Skóli fyrir alla 1946–2007 (bls. 11–21). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingi Sigurðsson. (1986). *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Ivič, I., Pešikan, A. og Antič, S. (ritstjórar). (2013). *Textbook quality: A guide to textbook standards*. Göttingen: V&R unipress.
- Johnsen, E. B. (1992). En ny lærebokkultur? *Utbildning och demokrati*, 1(2), 10–20.
- Jón Árni Friðjónsson. (2013). Skólabókasagan: Um sögukennslu í íslenskum framhaldsskólum 1946–1996 (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Jón J. Aðils. (1915). *Íslandssaga*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigf. Eymundssonar.
- Jónas Jónsson. (1915). *Íslandssaga handa börnum*: Fyrri hefti. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.
- Jónas Jónsson. (1916). *Íslandssaga handa börnum*: Síðara hefti. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.
- Jónas Jónsson. (1968). *Íslandssaga*. 1. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.
- Jónas Pálsson. (1985). Framlag hans þarfnast greiningar með fræðilegum aðferðum. Í Gylfi Gröndal (ritstjóri), *Á aldarafmæli Jónasar frá Hrífli: Erindi, greinar og viðtöl við samferðamenn* (bls. 80–94). Reykjavík: Samband íslenskra samvinnufélaga.

- Karlsson, K.-G. (2011). *Läroboken och makten – ett nära förhållande*. Í N. Ammert (ritstjóri), *Att spegla världen: Läromedelsstudier i teori och praktik* (bls. 43–62). Lund: Studentlitteratur.
- Lindmark, D. (2006, maí). „Vi voro skyldiga världen ett exempel“: Norden i den internationella historieboksrevisionen. Erindi á Rikskonferens i ämnesdidaktik, Kristianstad. Sótt af <http://www.distans.hkr.se/rikskonf/Grupp%206/Lindmark.pdf>
- Lofur Guttormsson. (1999). Athugasemdir um upphaf sögukenndu í íslenskum skólum. Í Baldur Hafstað og Baldur Sigurðsson (ritstjórar), *Helgisþjöll: Framin Helga Skúla Kjartanssyni fimmtugum*, 1. febrúar 1999 (bls. 7–13). Reykjavík: Meistarautgáfan.
- Lofur Guttormsson (ritstjóri). (2013). *Sögukennduskammdegið: Rimman um sögukenndu og samfélagsfræði 1983–1984*. Í Lofur Guttormsson (ritstjóri ritraðar), *Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu*, 3. bindi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Morgan, K. og Henning, E. (2013). Designing a tool for history textbook analysis. *Forum Qualitative Sozialforschung / Forum: Qualitative Social Research*, 14(1). Sótt af <http://www.qualitative-research.net/index.php/fqs/article/view/1807>
- Nicholls, J. (2003). Methods in school textbook research. *International Journal of Historical Learning, Teaching and Research*, 3(2). Sótt af <http://www.centres.ex.ac.uk/historyresource/journal6/nichollsrev.pdf>
- Ólafur Þ. Kristjánsson. (1960). *Sagan okkar: Myndir og frásagnir úr Íslandssögu*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.
- Ólafur Rastrick. (2008). Námsgreinar og námsefni. Í Lofur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 163–177). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Pingel, F. (2010). *UNESCO Guidebook on textbook research and textbook revision* (2. útgáfa, endurskoðuð og uppfærð). Paris/Braunschweig: Georg Eckert Institute for International Textbook Research.
- Reichenberg, M. (2000). *Röst och kausalitet i lärobokstexter: En studie av elevers förståelse av olika textversioner*. Göteborg: Acta Universitatis Gothoburgensis.
- Reichenberg, M. (2008). *Vægar till læsförståelse: Texten, læsaren och samtale*. Stokk-hólmur: Natur & Kultur.
- Sandqvist, C. (1999). Från 50-tal till 80-tal: Om form och innehåll i historieläroböcker. Í S. Strömquist (ritstjóri), *Läroboksspråk: Om språk och layout i svenska läroböcker* (bls. 124–188). Uppsala: Hallgren & Fallgren.
- Sigríður Hagalínisdóttir. (1985). Athugun og samanburður á þremur kenndubókum í Íslandssögu frá tímabilinu 1880–1915 (óutgefin bakkaláritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sommerbauer, L. H. (1987). Österreichs Türkenkampf im österreichischen und im französischen Schulbuch: Ein kritischer Vergleich. *Österreich in Geschichte und Literatur*, 31(6), 329–344.

Svavar Jónsson. (2004). Bodil Begtrup: Barátta danska sendiherrans fyrir breytingum á söguskoðun Íslendinga. *Saga*, 42(1), 17–58.

Sverrir Jakobsson. (2013). Hin heilaga fortíð: Söguvitund og sameiginlegt minni í handritunum Hauksbók og AM 226 fol. *Ritið*, 13(1), 147–164.

Wertsch, J. (2007). National narratives and the conservative nature of collective memory. *Neohelicon*, 34(2), 23–33.

White, H. (1973). *Metahistory: The historical imagination in nineteenth-century Europe*. Baltimore: Johns Hopkins University Press.

Þorkell Bjarnason. (1880). *Ágrip af sögu Íslands*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Þorsteinn Helgason. (2000). *Í fullorðinna tölu: Lesbók í sögu fyrir unglinga*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þorsteinn Helgason. (2003). *Tyrkjaránið: 1. þáttur, Náðarkjör* [heimildamynd fyrir sjónvarp]. Reykjavík: Seylan.

Þorsteinn Helgason. (2006a, 28. mars). Hvaða heimildir eru til um Tyrkjaránið? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5738>

Þorsteinn Helgason. (2006b, 29. mars). Hvað gerðist í Tyrkjaráninu? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5743>

Þorsteinn Helgason. (2006c, 3. apríl). Hverjir stóðu raunverulega að Tyrkjaráninu? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5770>

Þorsteinn Helgason. (2013). *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins* (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Þórarinn Eldjárn. (2003). *Snorra saga*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Þórleifur Bjarnason. (1968). *Íslandssaga*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.

Æfisaga Jóns Þorkelssonar skólameistara í Skálholti. (1910). Reykjavík: Thorkillisjóður.

Um höfund

Þorsteinn Helgason (thelga@hi.is) er dósent í sagnfræði og sögukennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann varði doktorsritgerð sína, *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins*, við Hugvísindasvið Háskóla Íslands árið 2013. Auk Tyrkjaránsins hefur Þorsteinn stundað rannsóknir og skrif á sviði kennslufræði sögu, námsgagnafræði og aðferðafræði og heimspeki sagnfræði, samið kennslubækur og gert heimildamyndir fyrir sjónvarp.

Efnisorð

Tyrkjaránið 1627 – korsarar – sjórán – kennslubækur – námsgögn – textagreining – sameiginleg minning

About the author

Thorsteinn Helgason (thelga@hi.is) is Associate Professor in History and History Education at the School of Education, University of Iceland. He obtained his Ph.D. in History at the School of Humanities, University of

Iceland, in 2013 with his thesis, *Memory and History in the Light of the Turkish Raid* (in Icelandic). Besides historical studies of the Raid, the focus of his research and writing has been the pedagogy of history, textbooks and educational materials, and the methodology and philosophy of history. He has written several textbooks and made documentary films for television.

Key words

*The Turkish Raid 1627 – corsairs – piracy – textbooks
– educational materials – textual analysis – collective memory*



Þorsteinn Helgason. (2014).
Verkfæri þjóðminninga: Tyrkjaránið í skólabókunum – Fyrri hluti.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/004.pdf>

ⁱ Jónas Jónsson, *Íslandssaga 1*, bls. 174–175. Textinn er í eftirmála sem ber heitið „Þökk og kveðja til skólabarna landsins“ og er dagsettur 18. ágúst 1966.

ⁱⁱ Tilvitnun (þýðing) Björns Þorsteinssonar í *Arnór Sigurjónsson. Minning*, bls. 6–7. Að sögn Björns var höfundur þessara orða „norski sagnfræðingurinn og stjórnmálamaðurinn Halfdan Koht“.